Anna Lísa Guðmundsdóttir
Páll V. Bjarnason
Helga Maureen Gylfadóttir
Guðný Gerður Gunnarsdóttir

# Húsakönnun og fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurhöfn.



**Reykjavík 2005**

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 117

# Húsakönnun og fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurhöfn.

## Fornleifaskráning:

Arnarhóll – Hlíðarhús – Reykjavík.

Anna Lísa Guðmundsdóttir

## Húsakönnun:

Kalkofnsvegur – Ingólfsstræti – Hverfisgata – Lækjargata – Hafnarstræti – Pósthússtræti – Tryggvagata – Geirsgata.

Páll V. Bjarnason
Helga Maureen Gylfadóttir



**Reykjavík 2005**

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 117

Unnið að beiðni Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
vegna deiliskipulagsvinnu.

Ljósmynd á forsíðu: Séð yfir höfnina frá Arnarhóli árið 1931. Ljósmyndari Magnús Ólafsson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*, MAÓ 1706.

Ljósmyndir: Helga Maureen Gylfadóttir, Minjasafni Reykjavíkur.
Kort: Björn Ingi Edvardsson, Skipulags- og byggingasviði Reykjavíkur.

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur – Árbæjarsafns.
Ritstjóri: Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður.

© Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn. Anna Lísa Guðmundsdóttir, Páll V. Bjarnason
og Helga Maureen Gylfadóttir.

Minjasafn Reykjavíkur − Árbæjarsafn
Skýrsla nr. 117
Reykjavík 2005.
Öll réttindi áskilin.

# Efnisyfirlit

Formáli........................................................ 4

Saga og minjar............................................ 6

Arnarhóllinn................................................ 6

Hafnarsvæðið.............................................. 9

Almennt um verndun fornleifa
og tilgang skráningar.................................. 15

Fornleifaskráning....................................... 16

Fornleifarannsóknir.................................... 17

Fornleifaskrá svæðisins.............................. 20

Niðurstöður og verndunarákvæði.............. 36

Húsakönnun............................................... 38

Horfin hús og mannvirki............................ 40

Nafngiftir gatnanna.................................... 42

Varðveislumat húsa................................... 44

Uppdráttur Húsverndarskrár
Reykjavíkur................................................ 45

Austurbugt 3............................................... 46
Austurbugt 5............................................... 47

Faxagata 2.................................................. 48

Geirsgata 9................................................. 49
Geirsgata 11............................................... 50
Geirsgata 19............................................... 51

Hafnarstræti 15.......................................... 52
Hafnarstræti 17.......................................... 53
Hafnarstræti 19.......................................... 54
Hafnarstræti 20.......................................... 55
Hafnarstræti 21.......................................... 56

Kalkofnsvegur 1................ 57

Tryggvagata 11................. 58
Tryggvagata 15................. 59
Tryggvagata 17................. 60
Tryggvagata 19................. 61

Heimildaskrá................... 62
Myndaskrá...................... 65

# Formáli

Hér á eftir fer könnun byggðar og fornleifa á svæðinu sem afmarkast af Skúlagötu frá Klapparstíg, Ingólfsstræti að Hverfisgötu, Lækjargötu, Hafnarstræti að Pósthússtræti, Tryggvagötu og Geirsgötu. Innan svæðisins liggja Austurbugt, Faxagata og Kalkofnsvegur. Skipulagssvæðið nær yfir hið forna bæjarstæði *Arnarhóls* og gömlu fjörunnar í Reykjavík (mynd 1).

Skýrsla þessi er unnin að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur í samræmi við skipulagslög vegna fyrirhugaðs tónlistar- og ráðstefnuhúss á svæðinu. Í nóvember 2004 var gefin út skýrsla um hluta skipulagssvæðisins en vegna breytinga á afmörkun svæðisins var hún dregin til baka og kemur þessi skýrsla í stað hennar. Því hlýtur hún sama númer og fyrri skýrsla eða númer 117.

Skýrslunni er skipt upp í þrjá megin kafla: sögu svæðisins, húsakönnun og fornleifaskráningu. Sögu svæðisins eru skipt í tvo hluta, sögu *Arnahóls*, sem er að hluta skrifuð af Steinunni Kristjánsdóttur fornleifafræðingi en hún birtist áður í rannsóknarskýrslu um *Arnarhólinn* 1994.[1] Síðari söguhlutinn, sem tekur á hafnasvæðinu, er skrifaður af Helgu Maureen Gylfadóttur sagnfræðingi.

Skipulagssvæðið er innan þess svæðis sem varðveisluskrá Reykjavíkur nær til, en það er svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Húsin á reitnum voru byggð á árunum 1883 til 1994. Ekki er um að ræða tæmandi sögulega úttekt á viðkomandi svæði, en þó er rannsakað hvaða hús hafa verið byggð á svæðinu í gegnum árin og þau metin sem enn standa. Sú rannsókn er nauðsynleg til að átta sig á samhengi byggðarinnar og þróun svæðisins. Nákvæm húsa- og fornleifaskráning hefur ekki áður farið fram á svæðinu, en nákvæmni þessarar skráningar miðast við það skráningarform sem nægir við gerð deiliskipulags.

Við mat á varðveislugildi húsa hefur verið beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey of Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana,* útgefnu af Húsafriðunarnefnd ríkisins 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti: *Listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð.* ***Varðveislugildi húsa*** byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016. Þar sem húsverndarskráin er ekki að öllu leyti byggð á rannsóknum heldur á fyrirliggjandi gögnum og úttekt byggðarinnar á staðnum, getur verið nauðsynlegt að gera breytingar eftir nákvæmari húsakönnun.

Skráning fornleifanna byggir að hluta á eldri fornleifaskráningu Bjarna F. Einarssonar frá 1995 og rannsóknarskýrslum vegna endurnýjunar *Arnarhóls*. Á *Arnahóli* voru framkvæmdar 1958 fyrstu eiginlegu fornleifarannsóknir á *Arnarhólströðunum* í Reykjavík. Þessum rannsóknum og rannsóknum á bæjarstæðinu síðan 1993 eru gerð skil í þessari skýrslu.

---

[1] Ragnar Edvardsson, *Arnarhóll,* fornleifarannsóknir 1993, 3.




Mynd 1. Skipulagssvæðið er afmarkað með rauðum rúðum, græn lína sýnir gömlu ströndina áður en uppfyllingar hófust.[2]

Í lok hvors skýrsluhluta eru dregnar saman niðurstöður um hús og fornleifarnar, metin útbreiðsla fornleifa og gerð áætlun um rannsóknir og verndun.

Nóvember 2005,

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður,
Minjasafni Reykjavíkur – Árbæjarsafni.

## Saga og minjar

Svæðið sem hér er fjallað um nær yfir lítinn hluta af Reykjavíkurjörðinni eða nánast einungis fjöruna.  Þar voru áður hús kaupmanna og bryggjur þeirra en hefur síðan þróast í eitt af hafnarsvæðum Reykjavíkur. Auk þess nær svæðið yfir hið forna bæjarstæði *Arnarhóls* og er gamla leiðin til Reykjavíkur sýnileg þar suðvestan í hólnum.

---

[2] Grunnur myndarinnar er fenginn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR).

Í nágrenni Reykjavíkur voru sjö smájarðir. Þar ber fyrst að nefna *Arnarhól*, hinar voru *Eiði* við Seltjarnarnes, *Sel*, *Hlíðarhús*, *Örfirisey*, *Rauðará* og *Skildinganes*. *Arnarhóli* tilheyrði síðan hjáleigan *Litli Arnarhóll*, sjá mynd 2.

## Arnarhóllinn

*Arnarhóllinn* hefur í gegnum aldirnar verið einn af miðpunktum Reykjavíkur. Sunnan í hólnum liggur fyrsti þjóðvegurinn til Reykjavíkur, *Arnarhólstraðirnar*. Af þykkum mannvistarlögum, sem er að finna á stórum hluta hólsins, má draga þá ályktun að þar hafi verið búið fljótlega eftir að Ísland byggðist. Elstu jarðlög sem gefa til kynna byggð á hólnum eru eldri en gjóska sem féll 1226.[3]

Í rituðum heimildum er *Arnarhóls* og byggðarinnar þar sjaldan getið. Elsta frásögn af hólnum er frá 16. öld og virðist *Arnarhólsjörðin* þá vera sjálfstæð eign. Í heimildum kemur fram að jörðin er í eigu Hrafns Guðmundssonar bónda í Engey. Árið 1534 gaf Hrafn síðan Viðeyjarklaustri jörðina.[4] Þegar Brynjólfur biskup Sveinsson skoðaði kirkjuna í Reykjavík og áhöld hennar árið 1642 kemur fram að *Arnarhóll* tilheyrði Reykjavíkursókn og að jörðin var þá eign konungs.[5] Þetta kemur einnig fram í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703.[6]




Mynd 2. Reykjavík og nágrannajarðir árið 1703.[7]

Árið 1786 var stofnaður kaupstaður í Reykjavík og uppmæling gerð á Reykjavíkurlóðinni 1787. Í skjalinu vegna uppmælingarinnar kemur fram að konungur hefur ætlast til að *Arnarhóllinn* skuli leggjast til kaupstaðarlóðarinnar. Þetta fórst þó fyrir og *Arnarhóll* lenti fyrir utan Reykjavíkurlóðina. Upp kom deilumál og þurfti Reykjavíkurborg síðar

[3] Ragnar Edvardsson, *Arnarhóll*, 3.
[4] Jón Helgason, *Reykjavík 1786-1936*, 11.
[5] Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur,* I. bindi, 63.
[6] Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 267.
[7] Einar S. Arnalds, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 4. bindi, 6.

meir að kaupa jörðina.[8] Bæjarlandið var stækkað í febrúar 1835 er ýmsum býjörðum í nágrenninu, þar á meðal *Arnarhóli*, var bætt við það.[9] Upp frá því hefur *Arnarhóll* tilheyrt Reykjavík, sjá mynd 3.




Mynd 3. Kaupstaðarlóðin 1787.[10]

Ábúendur *Arnarhóls* hafa verið margir í gegnum tíðina. *Arnarhóll* þótti hið myndarlegasta býli þar til tukthúsið var reist syðst á *Arnarhólstúninu* á árunum 1759-64. Þá fór að halla undan fæti og um það bil hálfri öld síðar var býlið orðið mjög hrörlegt. Ástæðurnar má rekja til þess að tekjur *Arnarhóls* voru lagðar til reksturs tukthússins og smám saman fengu einnig hinir ýmsu embættismenn tukthússins jörðina til eigin afnota. Fyrstu ábúendur *Arnarhóls*, sem getið er í rituðum heimildum, voru Tómas Bergsteinsson, f. 1652 og Guðrún Símonardóttir. Þau bjuggu þar árið 1703 ásamt bróður Tómasar, Jóni Bergsteinssyni.[11] Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns bjó Tómas á hálfri jörðinni og Jón hálfri. Heimilsmenn hjá Tómasi voru sex og fimm hjá Jóni. Innibúandi hjá Tómasi voru einhleypur húsmaður og tómthúsmaður með konu og barni. Hjá Jóni bjuggu tveir tómthúsmenn og húsi þeirra hélt Jón við. Samkvæmt þessu voru því íveruhúsin að minnsta kosti tvö á býlinu.

Kvaðir Arnarhólsbænda voru að flytja Bessastaðamenn til Viðeyjar og til baka hvenær sem þeim þóknaðist, jafnt á nóttu sem degi. Þessu til viðbótar komu tvær dagsláttur í Viðey á ári, einn á hvorn bónda, og skyldi bóndinn fæða sig sjálfur í þessum ferðum. Við til húsagerðar áttu bændur að útvega sér sjálfir en torf og eldivið sóttu þeir í land Reykjavíkur.[12]

Sonur Tómasar og Guðrúnar, Jón Tómasson (f. 1687, d. 1754), bjó á *Arnarhóli* um nokkurt skeið eftir að foreldrar hans brugðu búi.[13] Gissur lögréttumaður Jónsson (sonur Jóns Tómassonar), bjó síðan á *Arnarhóli* eftir föður sinn. Hann fluttist nauðugur af jörðinni árið 1768 að beiðni Guðmundar Vigfússonar, ráðsmanns í tukthúsinu, en eins og áður sagði fengu embættismenn fangelsisins býlið til ábúðar sem launauppbót.[14] Fyrir utan embættismenn bjuggu ýmsar fjölskyldur á *Arnarhóli* upp frá þessu. Ábúendur sátu

---

[8] Jón Helgason, *Þegar Reykjavík var fjórtán vetra*, 11.
[9] Páll Líndal, *Bæirnir byggjast*, 168.
[10] R. Lievog, Kaupstaðarlóðin 1787. Reykjavíkurkort.
[11] Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 267-268.
[12] Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jaðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 267-269.
[13] Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur,* I. bindi, 56.
[14] Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur,* I. bindi, 102.

þar yfirleitt skamma hríð eftir þetta og voru fjölskyldurnar sjaldnast tengdar innbyrðis eins og áður. Guðmundur Vigfússon lét af ráðsmennsku tukthússins árið 1786 og við starfinu tók Gunnar Sigurðsson til bráðabirgða í eitt ár. Henrik Scheel tók síðan við ráðsmannstarfinu árið 1787.

Við ráðsmannsskiptin voru gerðar úttektir[15] á *Arnarhólsbýlinu*, sú fyrri í maí 1786 og sú seinni í júní 1787. Úttektunum ber nokkurn veginn saman hvað varðar innihald en í þeim kemur fram að býlið var í mikilli niðurníðslu og ítrekað nefnt að viðgerð sé nauðsynleg. Baðstofan mældist við úttektina aðeins 10 álna löng og 3 3/4 álna breið. Göng frá baðstofu voru 3 álna löng og 2 álna breið. Skálinn mældist 12 álna langur og 4 álna breiður. Eldhúsið var 8 álna langt og 4 álna breitt, nokkuð viðgert. Íbúðarhúsið virðist því samkvæmt þessu hafa verið gangabær, sem var ráðandi byggingarstíll á Íslandi fram á 18. öld.

Síðasti ábúandinn á *Arnarhóli* var Sveinn Ólafsson. Þar bjó hann til ársins 1828. Hann var faðir Málfríðar, sem þótti fríðust kvenna í Reykjavík um 1830 og er talin hafa verið fyrsta fyrirsæta á Íslandi.[16]

Við upphaf 19. aldar þótti Reykjavík ekki bera neinn sérstakan höfuðborgarsvip og lítið bar einnig á fegurð staðarins. Landslagið þótti þó bjóða upp á ýmsa möguleika en húsakynni íbúa voru aftur á móti í mikilli vanhirðu. Fegrunarátak var þá sett í gang og eitt af byrjunarverkefnum var að rífa *Arnarhólsbýlið*.[17] Það var Peter Fjelsted Hoppe stiftamtmaður sem stóð fyrir því árið 1828 og þótti það mikið og gott framlag til fegrunar Reykjavíkur. *Arnarhólsbýlinu* er lýst þar sem kofaþyrpingu eða rústum, sem voru til mikillar óprýði, þannig að ekki hafa bæjarhúsin verið ásjáleg þau seinustu ár sem þau voru í notkun.[18]

Oft var rætt um það í skipulagsnefnd Reykjavíkur hvort nota ætti *Arnarhólinn* sem byggingarlóð eða hvernig mætti nota svæðið. Árið 1916 kom Guðmundur Hannesson með þá hugmynd að reisulegar byggingar nytu sín vel efst á hólnum. Þessi hugmynd fékk lítinn hljómgrunn hjá bæjaryfirvöldum í Reykjavík á þeim tíma.[19] Um svipað leyti kom danski arkitektinn Alfred Raavad með þá hugmynd að reisa útsýnisskála á hólnum, áþekkum þekktum skála í Kaupmannahöfn. Þessi hugmynd fékk einnig litlar sem engar undirtektir.[20]

Ákveðið var síðan að stytta Ingólfs Arnarsonar landnámsmanns skyldi standa efst á hólnum. Haustið 1923 var hafist handa við að reisa stall undir styttuna og í febrúar 1924 var styttan afhjúpuð að viðstöddu miklu fjölmenni. Styttuna gerði Einar Jónsson mynd-höggvari.[21] Hugmyndin var þó ekki ný því á fundi *Kvöldfélagsins* árið 1863 lagði Jón Árnason fram tillögu þess efnis að Ingólfi Arnarsyni yrði reistur minnisvarði á *Arnarhóli*.[22] Sigurður Guðmundsson, málari vakti einnig máls á þessu í Þjóðólfi árið 1864 og vildi hann að þetta yrði framkvæmt árið 1874 í minningu þúsund ára byggðar á Íslandi.[23]

---

15 ÞÍ 185. Skjalasafn stiftamtmanns 1684-1873. III, 231. Skjöl um tukthúsið á Arnarhóli 1786-1787, 30 maí, 1786. ÞÍ 461. Skjalasafn stiftamtmanns 1684-1873. III, 231. Skjöl um tukthúsið á Arnarhóli 1786-1787. 25 júní, 1787.

16 Jón Helgason, *Þegar Reykjavík var fjórtán vetra*, 13-14.

17 Páll Líndal, *Bæirnir byggjast,* 152.

18 *Fjölnir,* 67-70.

19 Páll Líndal, *Bæirnir byggjast,* 174-176.

20 Páll Líndal, *Bæirnir byggjast,* 173.

21 Jón Helgason, *Árbækur Reykjavíkur 1786-1936*, 342 og 346.

22 Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur,* 108.

23 Páll Líndal, *Bæirnir byggjast,* 164.

## Hafnarsvæðið

Það svæði sem hér er til umfjöllunar er frábrugðið öðrum svæðum sem rannsökuð hafa verið því grunnurinn er hin gamla fjara Reykjavíkur sem fyllt hefur verið upp og byggð fram. Frá landnámstíð hafa verið uppsátur á svæðinu sem þróast yfir í það hafnarsvæði sem við sjáum í dag. Reykjavíkurhöfn hin gamla afmarkast af Grandagarði, Norðurgarði og Ingólfsgarði og þeim brúnum Mýrargötu, Tryggvagötu, Geirsgötu og Kalkofnsvegar sem nær eru höfninni. Hún skiptist um Ægisgarð í fiskihöfn, *Vesturhöfn*, og vöruflutningahöfn, *Austurhöfn*.

Um aldamótin 1900 var ásýnd Hafnarstrætis önnur en í dag. Helstu breytingar eru uppfyllingar norðan götunnar sem gerðar voru í tengslum við hafnargerðina sem hófst árið 1913, en um aldamótin 1900 bar gatan nafn með rentu. Hús kaupmanna stóðu sunnan götunnar en norðan hennar voru pakkhús á víð og dreif. Fast við þau var svo breið fjaran.



Mynd 4. Byggingar kaupmanna voru við ströndina, íbúðarhús og pakkhús.[24]

Hafnarstræti lá í stórum sveig meðfram fjörunni þar sem nokkrar smábryggjur í eigu kaupmanna kúrðu í fjöruborðinu.[25] Bryggjurnar báru heiti kaupmannanna sem reistu þær eins og *Frederiksensbryggja, Zimsensbryggja, Thomsensbryggja, Knudtzons-bryggja, Fischersbryggja, Björnsbryggja* og *Geirsbryggja* vestast. Við þessar litlu bryggjur fór fram ferming og afferming uppskipunarbáta og aðkomubáta en engin þeirra var nógu stór til þess að skútur, kaupskip eða togarar gætu lagst að. Þeim var oftast lagt við bauju eða akkeri út á hafnarlegunni. Í vondum veðrum lagðist öll vinna af við höfnina þar sem ekki var hægt að athafna sig með báta við skipin.[26]

---

[24] Kort, Reykjavík 1876. Uppdráttur Reykjavíkur eftir Svein Sveinsson.

[25] Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur,* fyrra bindi, 25 og Gerður Róbertsdóttir og Ragnheiður Mósesdóttir: „Hafnlaus höfuðstaður", Sagnir 1984, 45.

[26] Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur,* fyrra bindi, 310-311.



Mynd 5. Horfin ásýnd Hafnarstrætis. Myndin tekin um miðja 19. öld. Ljósm. óþekktur. [27]

Fyrsta bryggjan sem byggð var í Reykjavík á vegum yfirvalda var gerð árið 1884. Hugmynd um *bæjarbryggju* sem almenningur hefði frjálsan aðgang að hafði verið í umræðunni um nokkurt skeið en á árunum 1883 og 1884 komst hreyfing á málið. Ákveðið var að bryggjan skyldi liggja beint undan Pósthússtræti og var Jakobi Sveinssyni



Mynd 6. Hafnarstræti og *Arnarhóll* árið 1905. Á.Th.[28]

trésmið falið að gera bryggjuna. Bryggjan var að hluta úr tré og að hluta úr steini. *Bæjarbryggjan* bætti lítið ástandið við höfnina í Reykjavík og þótti hvorki notadrjúg né tilkomumikil. Árið 1891 var ákveðið að sá hluti bryggjunnar sem var úr tré skyldi vera hlaðinn úr grjóti og var ráðist í þær framkvæmdir árið 1892. Eftir það var bryggjan kölluð *Steinbryggjan*. Enn á ný var unnið að viðgerðum á bryggjunni árið 1905 og þá undir stjórn Tryggva Gunnarssonar bankastjóra. Ekki tókst betur til en svo að eftir viðgerðina tók hluti bryggjunnar að síga og var hún þá kölluð *Tryggvasker* eða *Tryggvaboði* af andstæðingum Tryggva og gárungum bæjarins. [29] Bryggjan hvarf undir hafnarfyllingu í kringum 1940.

---

[27] Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 2. bindi, 7.
[28] Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 2. bindi, 7.
[29] Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur,* fyrra bindi, 315-316 og Gerður Róbertsdóttir og Ragnheiður Mósesdóttir,„Hafnlaus höfuðstaður“, Sagnir 1984, 46-47.



Mynd 7. *Bæjarbryggjan* eða *Steinbryggjan* árið 1907. [30]

Frá árinu 1855 hafði verið starfandi sérstök hafnarnefnd í Reykjavík. Úrbætur í hafnarmálum höfuðsstaðarins höfðu verið á döfinni í marga áratugi hjá yfirvöldum en bæjarstjórn treysti sér ekki út í þvílíkar framkvæmdir sem hafnargerð var af fjárhagsaðstæðum. Ýmsar hugmyndir voru ræddar eins og hafnargarðar, lokuð höfn, stórskipahöfn, skipakví, stórskipabryggja úr stáli og höfn í *Tjörninni*, sem tengd yrði hinni höfninni með skipaskurði. Allar þessar hugmyndir stönduðu þó sökum peningaleysis.[31]

Um og eftir 1900 voru það tvö mál sem ýttu við yfirvöldum í Reykjavík um uppbyggingu hafnarinnar. Annars vegar var það hafnargerð í Viðey og tilraunir til að fá lögleiddan kaupstað þar og hins vegar fyrirhuguð hafnargerð í Skerjafirði. Voru það einkum Reykjavíkurkaupmenn sem óttuðust að fasteignir þeirra féllu í verði ef þessar hugmyndir næðu fram að ganga, en einnig bæjarstjórnin, sem vildi ekki missa þau viðskipti sem Reykjavíkurhöfn veitti.[32] Árið 1905 féllst bæjarstjórnin að undirlagi kaupmanna á að fá til landsins erlendan verkfræðing til að gera áætlun um hafnargerð í Reykjavík. Gabríel Smith hafnarstjóri í Kristjaníu (Osló) var fenginn til verksins og skilaði hann bráðabirgðatillögum sumarið 1906. Hann lauk síðan nákvæmri áætlun árið 1909 og í árslok 1911 var ákveðið að bjóða verkið út á grundvelli tillagna Smiths.[33]

Verktakinn Monberg í Kaupmannahöfn hreppti verkið og hljóðaði tilboð hans upp á 1.5 milljónir íslenskra króna. Framkvæmdir hófust svo árið 1913. Við hafnargerðina voru notuð stórvirk tæki eins og járnbraut og tveir stórir löndunarprammar. Fyllingarefni var tekið í *Skólavörðuholti* og *Öskjuhlíð*. Gerður var skjólgarður á *Grandanum* út í *Örfirisey* og síðan frá eynni til suðausturs, *Norðurgarður*. Annar garður lá út frá *Batteríinu*, *Batterísgarður* eða *Ingólfsgarður*, eins og hann heitir í dag, og myndaði hafnarmynnið

[30] Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur,* fyrra bindi, 315.
[31] Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur,* fyrra bindi, 312 og Gerður Róbertsdóttir og Ragnheiður Mósesdóttir, „Hafnlaus höfuðstaður", Sagnir 1984, 47.
[32] Páll Líndal, *Bæirnir byggjast*, 171-172.
[33] Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur,* fyrra bindi, 320-321.

ásamt garðinum úr *Örfirisey*. Fyrsta skipið lagðist að hafnargarði í Reykjavík árið 1915 við *Batterísgarðinn*, svokallaða *Kolabryggju*.[34]



Mynd 8. Kort frá 1902 sem sýnir hafnarsvæðið og *Arnarhólinn*.[35]

Eftir að Reykjavíkurhöfn var formlega tekin í notkun var hún lítið annað en óútfyllt umgjörð, sem á næstu árum og áratugum var fyllt upp í með nýjum hafnarbökkum og bryggjum. Í austurhluta hafnarinnar var unnið að gerð hafnarbakka og uppfyllingu á árunum 1918–1921. Þar höfðu togarafélögin aðsetur og *Kol og salt,* auk fleiri kolasala. *Faxagarður* var byggður á árunum 1925–1927 og einnig lítil trébryggja fyrir austan hann. Á árunum 1929–1938 var *Grófarbryggja* ásamt 80 metra löngu bólvirki vestan hennar reist og einnig verbúðaruppfylling ásamt tveimur bátabryggjum og *Ægisgarði*. Á árunum



Mynd 9. Kort frá 1947. [36]

1938–1941 bættist við uppfylling milli elsta hafnarbakkans og austuruppfyllingarinnar. Árið 1941 voru hafnarbakkar og bryggjur orðin 1460 metrar á lengd, en höfðu árið 1917

[34] Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur,* fyrra bindi, 321, 323-324.
[35] Reykjavík 1902, Landmælingadeild herforingjaráðsins í Kaupmannahöfn, Árbæjarsafn.
[36] Reykjavík 1947 eftir Ágúst Böðvarsson, Árbæjarsafn.

verið einungis 250 metrar.[37] *Grófarbakki* var byggður á árunum 1975–1976 en húsið að Geirsgötu 11 stendur einmitt á *Grófarbakka*. Á árunum 1982–1983 lét Reykjavíkurhöfn færa *Austurbakkann* út fyrir framan *Faxaskála* og á árunum 1992–1995 var *Miðbakkinn* byggður. Reykjavíkurhöfn lauk framkvæmdum sínum sumarið 1994 og endanlegum frágangi á götustæðinu í kringum hinn nýja *Miðbakka* var lokið sumarið 1995.[38]

Með öllum uppfyllingunum við höfnina skapaðist mikið landrými og þar af leiðandi verðmætar byggingarlóðir og athafnasvæði fyrir útgerðar- og skipafélög og verslanir. Á uppfyllingunni var lögð ný gata, Tryggvagata, samhliða Hafnarstræti. Samkvæmt fyrsta heildarskipulagi fyrir Reykjavík árið 1927 var gert ráð fyrir að á byggingareitnum næst höfninni við Mýrargötu, Geirsgötu, Tryggvagötu og Skúlagötu yrði komið fyrir vöruskemmum og öðrum húsum til geymslu á framleiðsluvörum útgerðarinnar, svo og vöruskemmum til almennrar skipaafgreiðslu, kolum og salti.[39]



Mynd 10. Tryggvagata um 1920. MÓ.[40]

Á austuruppfyllingunni hafði meðal annars fyrirtækið *Kol og salt h.f.* aðsetur. Fyrirtækið var stofnað árið 1914 en á þeim tíma voru öll hús bæjarins kynt með kolum, sem og kaupskip og togarar. Kolainnflutningur setti því mikinn svip á höfnina. Kolunum var í fyrstu mokað með skóflum úr kolaskipunum upp á hestvagn sem síðan var ekið að risastórum kolabing sem var þar sem *Seðlabankinn* stendur nú.[41] *Kol og salt* réðst í það árið 1926 að reisa mikilvirkan, nýtísku krana til löndunar á kolum. Kraninn, sem jafnan var kallaður *Kolakraninn,* stóð þar sem *Faxaskáli* stendur nú að Faxagötu 2. Krani þessi var á þeim tíma talinn eitt fullkomnasta tæki sinnar tegundar á Norðurlöndum. Hann setti lengi svip á Reykjavíkurhöfn og var einskonar kennileiti hennar. *Kolakraninn* var rifinn árið 1968.[42]

---

[37] Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur,* fyrra bindi, 326.
[38] Jón Þorvaldsson forstöðumaður tæknideildar Reykjavíkurhafnar, símaviðtal 29.09.04.
[39] Páll Líndal, *Bæirnir byggjast*, 186.
[40] Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 3. bindi, 127.
[41] Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur,* fyrra bindi, 327.
[42] Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur,* fyrra bindi, 327-328 og Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 3. bindi, 31-32.



Mynd 11. Kolakraninn gekk einnig undir nafninu *Hegrinn*.[43]

Á svæðinu er að finna nokkrar af þeim vörum sem róið var út frá og lent í á síðari helmingi nítjándu aldar. Fátt minnir þó á þennan þátt atvinnusögu Reykjavíkur því flestar varirnar eru nú horfnar undir uppfyllingar. Vestan við *Batteríið* var *Sölvhólsvör* þar sem gatnamót Sölvhólsgötu og Kalkofnsvegar voru áður. Vörin er kennd við bæinn *Sölvhól* sem mun hafa byggst úr landi *Arnarhóls* og stóð þar sem lóð Sölvhólsgötu 4 er í dag (2004). Götuslóði lá beint niður undan bænum til sjávar. Nokkru austar var lítil vör sem var kölluð *Krummaskuð* og notuð sem nauðlendingarvör. Á síðari hluta 19. aldar notuðu bæjarbúar þessa vör þegar þeir stunduðu sjóböð.[44]

Samfelld sand- og malarfjara var forðum fyrir austan Vesturgötu 2 og alla leið móts við Hafnarstræti 19. Þar fyrir austan tók við grjóturð að Lækjarósnum. Vestasti hluti þessa svæðis var kölluð *Naustin*. Þar sem gatan Naust er í dag (2004) var vör og var útræði þaðan kallað „að róa úr sandinum“. Svæðið á milli Vesturgötu 2 og 4 var kallað *Grófin* og var þar öldum saman uppsátur fyrir báta Víkurbænda. Í vesturbænum var *Grófin* aðalútróðrarstaðurinn og var malarkamburinn upp af henni oftar en ekki alsettur skipum.[45] Allar eru þessar varir, sem hér hafa verið nefndar, horfnar undir uppfyllingu.

Innan þess svæðis sem hér er til umfjöllunar var áður að finna tvö vatnsból, *Zimsens-póst* og *Ingólfsbrunn*. *Zimsenspóstur* var í garði Hafnarstrætis 23. Brunnur þessi var lítill og vatnið saltmengað. Því var það ekki notað til drykkjar af öðrum en erlendum duggurum.[46] Á horni Hverfisgötu og Lækjargötu fyrir neðan Arnarhól var *Ingólfs-brunnur*. Einnig hefði mátt kalla hann *Landshöfðingjabrunn* en íbúar þessa húss (núverandi Stjórnarráðshúss) notuðu vatnið úr honum, þó hvorki til matar né drykkjar.[47]

---

[43] Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur*, fyrra bindi, 328.
[44] Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund,* 3. bindi, 108 og 4. bindi, 66.
[45] Einar S. Arnalds, Reykjavík, sögustaður við Sund, 4. bindi, 66.
[46] Knud Zimsen, *Úr bæ í borg,* 74.
[47] Knud Zimsen, *Úr bæ í borg,* 72.

## Almennt um verndun fornleifa og tilgang skráningar

Í þjóðminjalögum[48] kemur fram að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaganna er að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskur menningararfur flytjist óspilltur til komandi kynslóða. Meðal þess sem telst til menningararfsins eru fornleifar sem í 9. grein þjóðminjalaga eru skilgreindar þannig:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum.
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri.
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita.
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra.
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki.
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð.
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum.
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir;

> ... Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Þetta á við um allar fornleifar, þekktar sem óþekktar, sbr. 13. grein:

> Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að fornleifar verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er einnig hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að hafa yfirlit yfir fornleifar á tilteknum svæðum. Þannig má minnka líkurnar á að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka.

---

[48] Þjóðminjalög 107/2001 http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001107.html

Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.[49] Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, sbr. 14. grein þjóðminjalaga.

> Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggað geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Í skýrslu þessari er tekin saman skrá yfir þá staði sem geyma fornleifar og aðrar yngri menningarminjar á eða í nágrenni við skipulagssvæðið. Skrá þessi uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráningar fyrir gerð deiliskipulags. Umrætt svæði hefur að mestu hýst hafnaraðstöðu, auk þess er að finna þar einn bæjarhól með mikið af minjum. Á *Arnarhólnum* eru sjáanlegar fornleifar á yfirborði og er það eini staðurinn í miðbæ sem hefur upp á slíkar minjar að bjóða.

## Fornleifaskráning

Við fornleifaskráningu svæðisins var rýnt í örnefnaskrár, kort og aðrar ritaðar heimildir, auk þess sem svæðið var skoðað. Tíndir eru til þeir staðir sem hugsanlega hafa að geyma minjar. Þar sem svæðið er þéttbýlt hafa minjastaðir raskast eða jafnvel eyðst vegna framkvæmda, eftir geta þó leynst í jörðu fornleifar og ætti því að hafa aðgát við jarðrask nálægt minjastöðum.

Fornleifarnar eru skráðar í skráningarkerfið Sarp. Kerfið byggir á því að fornleifar eru skráðar eftir jörðum eins og jarðaskipting var um 1835 - 1845. Fornleifarnar fá þrískipt númer, í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignamat ríkisins úthlutar, næst kemur númer jarðarinnar samkvæmt Jarðabók Johnsens frá 1847, þriðja talan er síðan hlaupandi tala innan jarðarinnar.

Við fornleifaskráningu er sögu jarðanna gerð skil og í þessu tilfelli er hún skrifuð með tilliti til framkvæmdasvæðisins og hlutverki minja er lýst. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **„heimild“** en það á einnig við þegar minjarnar hafa verið rannsakaðar með fornleifauppgreftri. Þar sem fornleifar eru skráðar sem heimild eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu, þær horfnar vegna framkvæmda eða að þær hafa verið rannsakaðar og er þá vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa.

Deiliskipulagssvæðið sem hér er tekið fyrir, nær yfir lítinn hluta *Reykjavíkur-jarðarinnar* (181283-5) og *Hlíðarhúsajarðarinnar* (181283-3) auk hluta af *Arnarhólsjörðinni* (181287-7). Einungis eru teknir fyrir þeir minjastaðir sem tilheyra þessu skipulagssvæði. Skrár fornleifa og húsa geta skarast, en meginreglan er sú að í fornleifaskrá eru skráðir þeir staðir þar sem mannvirki hafa staðið, en standi til dæmis

---

[49] Ragnheiður Traustadóttir, *Fornleifaskráning á Miðnesheiði*, 2000, 8.

enn hús á lóðinni að einhverju leyti eða að hluta eru því gerð skil í húsaskrá Minjasafns Reykjavíkur.

Við skráningu fornleifa á svæðinu er notast við kort frá tímabilinu 1787 – 1902; kort af kaupstaðarlóðinni frá 1787 eftir Rasmus Lievog, kort eftir V. Lottin frá 1836, kort Sveins Sveinssonar af Reykjavík 1876 og 1887 og að lokum kort frá 1902. Kortunum var síðan varpað á núverandi skipulag sem tekið er úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og fornleifar staðsettar á núverandi lóðum, að lokum eru þær hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktur.[50]

Skipulagssvæðið nær yfir bæjarstæði *Arnarhóls* sem er mjög viðkvæmt minjasvæði. Hóllin hefur verið rannsakaður að hluta. Þessar rannsóknir auk annarra upplýsinga eiga að gefa þokkalegar hugmyndir um hvers er að vænta í nágreni minjanna.

## Fornleifarannsóknir

Árið 1958 fór fram fyrsta eiginlega fornleifarannsóknin í Reykjavík en það var rannsókn á tröðum *Arnarhóls*. Tilefni rannsóknanna var að Bæjarráð Reykjavíkur samþykkti þann 16. september 1955, að láta slíka rannsókn fara fram og að tröðunum yrði haldið við sem fornum minjum bæjarins, ef ástæða þætti til.[51] Upphafsmaður að þessari tillögu var Lárus Sigurbjörnsson.

Megin niðurstaða rannsóknanna var að *Arnarhólstraði*r væru gamlar en á 18. öld var borin möl í traðirnar. Til beggja hliða var garður. Undir malarlaginu var lag, sem innihélt öskuleifar. Við rannsóknirnar fundust leirkersbrot, eitt járnstykki (skeifa?), beinaleifar úr fiski, sauðfé og stórgripum, auk móösku og viðarkola.[52]



Mynd 12. Unnið að fornleifarannsókn árið 1955.[53]

Vegna væntanlega framkvæmda og breytinga á hönnun hólsins 1993 var farið í jarðsjármælingarnar á *Arnarhóli*. Samtals voru 17 snið mæld sem voru 537,25 m að

---

[50] Borgarvefsjáin, http://borgarvefsjá.is/website/bvs/
[51] Gömlu traðirnar í Arnarhólstúni grafnar upp innan skamms, Alþýðublaðið 20.08.1958.
[52] Bráðabirgðarskýsla um uppgröft á Arnarhólströðum á vegum Minja- og byggðasafns Reykjavíkurbæjar, frá 2.-13. sept. 1958.
[53] Mynd LS-44-32, Minjasafn Reykjavíkur.

lengd.[54] Mælt var með 200 MHz loftneti, sem náði 2-4 m niður í jarðlögin. Útbreiðsluhraði rafsegulbylgnanna sem notaður var á svæðinu var 0,05 m/ns.

Megin niðurstaða jarðsjármælinganna var að engar öruggar fornleifar komu í ljós, sem ekki var hægt að sjá fyrir mælingarnar, en þá sáust sjálfar *Arnarhólstraðirnar*, sem ganga í NA yfir hólinn, og áður óþekkt rúst (?) NV undir háhólnum. En auk þess komu fram hugsanlegir veggir eða veggjabrot á nokkrum stöðum (sjá mynd 14), þessir staðir hafa verið skráðir í fornaleifaskrá.

Þegar framkvæmdir voru hafnar á *Arnarhóli* 1993 komu í ljós mun meiri fornleifar en búist hafði verið við. Það leiddi til verulegra rannsókana á há-hólnum og eftirlits með framkvæmdum sem stóðu yfir í sex mánuði. Í ljós komu viðamiklar fornleifar á hólnum þar sem býlið *Arnarhóll* stóð, þar sem nú er stytta Ingólfs. Með fornleifaeftirlitinu var reynt að sneiða hjá fornleifum eins og hægt var, en mest var af rústum vestan og sunnan við hólinn.




Mynd 13. Yfirlit yfir mælilínur jarðsjármælinga.[55]

[54] Jarðsjármælingar á Arnarhóli, 1993.
[55] Bjarni F. Einarsson, *Arnarhóll.* Reykjavík 1993.



Mynd 14. Unnið við fornleifarannsóknir 1993, (Ar93F3-21).[56]

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar 1993 var að *Arnarhólsbýlið* stóð á austurhluta hólsins og snéri það norður/suður. Sennilega hefur verið gengið inn í bæinn vestan megin, frá þeirri hlið er snýr að miðbænum. Rannsóknin sýndi að verulega stórum hluta býlisins hafði verið mokað burtu á árunum 1920-24. Aldur á þeim hluta býlisins sem var rannsakaður var frá tímabilinu 1770-1830, eða yngstu bæjarhúsin, en bærinn var rifinn 1829. Ekki voru rústirnar full kannaðar, en alls fundust um 2093. Sannað er að miklar eldri leifar hvíla neðar.[57]

---

[56] Myndasafn Minjasafns Reykjavíkur.
[57] Ragnar Edvardsson, *Arnarhóll,* fornleifarannsóknir 1993, 1.

# Fornleifaskrá svæðisins

Þær fornleifar sem skráðar voru á svæðinu er að sjá á mynd 15,16 og 17. Skipulagssvæðið sem um ræðir nær yfir hluta af þremur jörðum sem eru *Arnarhóll*, *Reykjavík* og *Hlíðarhús*. Rauðir punktar eru fornleifar sem tilheyra skipulagsreitnum.




Mynd 15. Á kortið eru merktar inn fornleifar, rauðir punktar eru þeir staðir sem tilheyra skipulagssvæðinu. Græn lína sýnir gömlu fjörumörkin, þar norður af er uppfylling.



Mynd 16. Á kortið eru merktar inn fornleifar, rauðir punktar eru þeir staðir sem tilheyra skipulagssvæðinu. Græn lína sýnir gömlu fjörumörkin, þar norður af er uppfylling.



Mynd 17. Á kortið eru merktar inn fornleifar, rauðir punktar eru þeir staðir sem tilheyra skipulagssvæðinu. Græn lína sýnir gömlu fjörumörkinn, þarf norður af er uppfylling.

## Arnarhóll 181287 7 - 1

Hlutverk: Bústaður
Tegund: Bæjarstæði
Staðsetning: X: 357290,3
Y: 408304,4
Lengd: 20 m
Breidd: 10 m
Ástand: Slæmt
Horfin: Nei
Hættumat: Lítil hætta
Aldur: 1226?-1828

**Staðhættir:** Bærinn hefur staðið efst á hólnum austan megin, þar sem nú er stytta Ingólfs Arnarsonar. ábúð lagðist af árið 1828.

**Lýsing:** Bæjarstæðið nær nánast yfir allan há hólinn (á að giska 50 m í þvermál). Húsið hefur verið tvær burstir um 10 x 20 m samkvæmt korti Sveins Sveinsonar 1887.[58]

Við ráðsmannsskiptin í tukthúsinu voru gerðar úttektir á Arnarhólsbýlinu, sú fyrri í maí 1786 og sú seinni í júní 1787.[59] Úttektunum ber nokkurn veginn saman hvað varðar innihald en í þeim kemur fram að býlið var í mikilli niðurníðslu og oft er nefnt að viðgerð sé nauðsynleg. Baðstofan mældist við úttektina aðeins 10 álna löng og 3 3/4 álna breið. Göng frá baðstofu voru 3 álna löng og 2 álna breið. Skálinn mældist 12 álna langur og 4 álna breiður. Eldhúsið var 8 álna langt og 4 álna breitt, nokkuð viðgert. Íbúðarhúsið virðist því hafa verið gangabær, sem var ráðandi byggingarstíll á Íslandi fram á 18. öld.

**Fornleifakönnun:** Fornleifakönnun fór fram á Arnahóli 1993. Grafið var í hólinn og komu þá í ljós miklar mannvistarleifar. Eru mannvistarlög á bilinu 2 - 3m á þykkt, þar sem þau eru mest.[60] Helstu niðurstöður eru þær að á staðnum fundust mannvirki frá síðari hluta 18. aldar og fyrri hluta þeirra 19., eða þar til býlið var rifið. Bærinn var ekki kannaður að fullu, þannig að undir eru enn eldri leifar.[61]

## Arnarhóll 181287 7 - 2

Sérheiti: Arnarhólstraðir
Hlutverk: Tröð
Tegund: Gata
Staðsetning: X: 357269,9
Y: 408297,4
Ástand: Sæmilegt
Aldur: 18. öld
Horfin: Nei

**Staðhættir:** Efst á Arnarhóli hvílir sjálft bæjarstæðið. Traðirnar ganga skáhallt yfir Arnahól frá Ingólfsstræti niður að Kalkofnsvegi. Þær hafa legið niður að ósnum en þar var vaðið yfir lækinn. Á korti Lievogs af kaupstaðarlóðinni er tröðin merkt sem *Vej*.[62] Traðirnar voru lengi þjóðbraut til Reykjavíkur en lögðust af að mestu upp úr 1870. Við hlutverki þeirra tók smám saman Bankastrætið, eða upp úr 1930.[63] Traðirnar eru ekki sjáanlegar á yfirborði nema á Arnarhóli. Á korti Sveins Sveinssonar er þessi vegur merktur sem „Gamli vegur", sem lá frá Arnarhól yfir að Traðakoti og áfram í austur að bænum Eskihlíð.[64]

---

58 Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.
59 ÞÍ 185. Skjalasafn stiftamtmanns 1684-1873. III, 231. Skjöl um tukthúsið á Arnarhóli 1786-1787, 30 maí, 1786. ÞÍ 461. Skjalasafn stiftamtmanns 1684-1873. III, 231. Skjöl um tukthúsið á Arnarhóli 1786-1787. 25 júní, 1787.
60 Ragnar Edvardsson. *Arnarhóll,* Fornleifarannsókn 1993.
61 Ragnar Edvardsson, *Arnarhóll,* Fornleifarannsókn 1993. 19.
62 R. Lievog, Kaupstaðarlóðin 1787. Reykjavíkurkort.
63 Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund,* 1. bindi, 1991, 27.
64 Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.

**Lýsing:** Traðirnar eru sjáanlegar á um 100 m kafla á hólnum, stefna þeirra er NV - SA og eru þær um 5 m breiðar. Hlaðið hefur verið beggja megin við tröðina og eru veggirnir um 1-1,5 m á breidd og 0,2 - 0,4 m á hæð.[65]
**Fornleifakönnun:** Árið 1958 fór fram fyrsta eiginlega fornleifarannsóknin í Reykjavík. Það var rannsókn á tröðum Arnarhóls, Þorkell Grímsson fornleifafræðingur stjórnaði rannsókninni. Tilefni rannsóknanna var að Bæjarráð Reykjavíkur samþykkti þann 16. september 1955, að láta slíka rannsókn fara fram og að tröðunum yrði haldið við sem fornum minjum bæjarins, ef ástæða þætti til.[66] Upphafsmaður að þessari tillögu var Lárus Sigurbjörnsson.
Tveggja metra breiður og 10 m langur skurður var grafinn þvert á traðirnar ofarlega í hólnum. Út frá þessum skurði var 4 m breiður og 5 m langur skurður grafinn þvert upp eftir hólnum. Megin niðurstaða rannsóknanna var að í Arnarhólstraðir var borin möl, sennilega einhvern tíma á 18. öld. Til beggja hliða var garður. Undir malarlaginu var lag, sem innihélt öskuleifar. Við rannsóknirnar fundust leirkersbrot, eitt járnstykki (skeifa?), beinaleifar úr fiski, sauðfé og stórgripum, auk móösku og viðarkola.[67]

## Arnarhóll 181287 7 - 3

Hlutverk: Rúst
Tegund: Tóft;
Staðsetning: X: 357233,7
Y: 408324,6
Hleðsluhæð: 0,2 m
Lengd: 8 m
Breidd: 4 m
Ástand: Sæmilegt
Horfin: Nei
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Nýbygging
Aldur: 1787
**Staðhættir:** Rústin er í miðri brekkunni vestanverðri fast upp að tröðunum, sem ganga skáhalt yfir hólinn frá Ingólfsstræti niður að Kalkofnsveg. Svæðið er grasivaxið. Á uppdrætti af kaupstaðarlóðinni frá 1787 er að sjá þarna hús og garð við tröðina á svipuðum slóðum.[68]
**Lýsing:** Rústin er um 4 x 8 m og snýr NV - SA. Veggir úr torfi, 1 - 1,5 m á breidd og um 0,1 - 0,3 m á hæð. Rústin samanstendur af tveimur hólfum A og B og er sá eystri sennilega húsaleifar, á meðan sá vestari er garður eða girðing.[69]

## Arnarhóll 181287 7 - 4

Hlutverk: Skemma
Tegund: Heimild
Aldur: 1723
Staðsetning: X: 357289,2
Y: 408308,3
**Staðhættir:** „Kirkju fólkið kom snöggvast við á Arnarhóli, og fékk þar einhverja hressingu í skemmunni.“[70]
**Lýsing:** Líklegt er að skemman hafi verið á hlaðinu.

## Arnarhóll 181287 7 - 5

Hlutverk: Kofi
Tegund: Heimild
Aldur: 1787

---

[65] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, 1995.
[66] Gömlu traðirnar í Arnarhólstúni grafnar upp innan skamms. Alþýðublaðið 20.08.1958.
[67] Þorkell Grímsson, 1958. Bráðabirgðaskýrsla um uppgröft. Þjms. Óbirt.
[68] R. Lievog, Kaupstaðarlóðin 1787, Reykjavíkurkort.
[69] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur,* 1995.
[70] Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur,* I.-II. bindi. 1929, 51.

Staðsetning: X: 357200,0
Y: 408341,5
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á uppdrætti Lievogs af kaupstarðlóðinni frá 1787 er kofi merktur inn þar sem Arnarhólströðin kemur niður að Læknum.[71]
**Lýsing:** Horfið vegna framkvæmda.

## Arnarhóll 181287 7 - 6

Sérheiti: Litli Arnarhóll/Arnarhólskot
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild 465
Staðsetning: X: 357348,2
Y: 408430,5
Aldur: 1703-1787
Horfin: Já
**Staðhættir:** Litli Arnarhóll var hjáleiga frá Arnarhóli. „Litli Arnarhóll, hjáleiga og ráða ábúendur báðir saman til jafns. Jarðardýrleiki er óviss, ábúandi Pétur Sigvatsson. Landskuld xl álnir. Betalast með ii vættum fiska til heimabænda. Við til húsbóta leggur ábúandinn. Leigukúgildi ekkert, hefur áður eitt verið og er með vilja heimabændanna aflagt fyrir meira en 20 árum. Kvaðir eru mannslán árið um um kring sitt árið hjá hvorum heimabænda. Meðan hjáleigumaðurinn átti sjálfur bát, galt hann mannslán alleina um vertíð. Að styrkja til flutninga þegar Bessastað-menn kalla. Dagssláttur sitt ár til hvers af bændum. Kvikfénaður i kýr, Fóðrast kann i kýr ríflega. Heimilismenn vi.“[72] Litli Arnarhóll eða Arnarhólskot stóð norður af Arnarhóli rétt við Arnarhólsklett. Þar var Battaríið reist.[73] Arnarhólskot er merkt inn á kort Lievogs af Kaupstaðarlóðinni 1787.[74]
**Lýsing:** Nú er þarna risið hús Seðlabankans.

## Arnarhóll 181287 7 - 8

Sérheiti: Höfn
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild 465
Staðsetning: X: 357406,0
Y: 408448,24
Lengd: 7 m
Breidd: 7 m
Aldur: 1886
Horfin: Já
**Staðhættir:** Árið 1886 var reist tómthús nyrst í landi Arnarhóls, þar sem nú eru gatnamót Ingólfsstrætis og Skúlagötu. Þar bjó fyrstur Benedikt Jónsson sótari. Talinn einna mestur kvæðamaður í Reykjavík á sinni tíð. Var býlið lengi talið tilheyra Hafnarstræti og mun þó ýmsum þykja nokkur spölur á milli. Ekki kemur fram í heimildum hvenær þessi bær hvarf.[75]
**Lýsing:** Húsið var um 7 x 7 m, tvö hólf.[76]

## Arnarhóll 181287 7 - 9

Hlutverk: Kalkofn
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 357262,9
Y: 408403,9
Þvermál: 8 m
Ástand: Ómetið
Aldur: 1876
Horfin: Já

---

[71] R. Lievog, Kaupstaðarlóðin 1787. Reykjavíkurkort.
[72] Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1923-1924. *Jarðabók*, 3. bindi, 259-260.
[73] Páll Líndal, *Reykjavík,Sögustaður við Sund*, 1.bindi, 1991, 27.
[74] R. Lievog, Kaupstaðarlóðin 1787. Reykjavíkurkort.
[75] Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund,* 2. bindi, 1987, 72.
[76] Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.

**Staðhættir:** Nokkru fyrir 1870 fannst kalk í Esjunni hjá Mógilsá. Var ákveðið að freista þess að vinna það og nota við húsbyggingar. Árið 1876 var byggður ofn til kalkbrennslu og var honum valinn staður neðst við Arnarhól, skammt frá Lækjarósnum og í námunda við Batteríið. Skömmu áður hafði verið reistur kalkbrennsluofn til bráðabirgða við Rauðará. Framleiðsla þessi bar sig þó ekki og var henni hætt. Í húsið að Lækjargötu 10 var notað kalk sem var unnið í kalkofninum. Kalkofnsvegur dregur nafn sitt af honum.[77]
Ofninn hefur staðið rétt við innkeyrsluna inn í bílastæðahús við Seðlabankann.
**Lýsing:** Ofninn var um 8 metrar í þvermál og hlaðin upp í strýtu sjá mynd 11.

## Arnarhóll 181287 7 - 10

Sérheiti: Skansinn/Batteríið/Phelpsvígi
Hlutverk: Virki
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 357347,3
Y: 408447,2
Aldur: 1889- 1913
Horfin: Já
Staðhættir
Sölvhólsvör var sunnan við Skansinn eða Batteríið, vestanhallt við enda Ingólfsstrætis,[78] Eftir að Jörgen Jörgensen, sem Íslendingar nefndu Jörund hundadagakonung, hafði tekið sér öll völd sumarið 1809, þótti nauðsynlegt að gera nokkrar ráðstafanir til varnar Reykjavík. Var ákveðið að reist skyldi vígi við Arnarhólsklett, þar sem áður mættust Skúlagata og Kalkofnsvegur. Það var aðallega Phelps kaupmaður, félagi Jörgensens er stjórnaði vígsgerðinni og þótti það við hæfi að virkið yrði nefnt eftir honum Fort Phelps. Vopnabúnaður hér á landi var frá fornu fari fátæklegur í meira lagi. Menn minntust þess þó að í Bessastaðaskansi lægju fallbyssur sem hefðu verið settar upp skömmu fyrir 1670. Þær voru að vísu hálfsokknar í jörðu og ryðgaðar en eigi að síður voru þær fluttar til Reykjavíkur og þeim komið fyrir í Virkinu. Hér var um að ræða sex fallbyssur fyrir sex punda skot og eftir að dyttað var að þeim reyndist unnt að hleypa af þeim skotum. Malmquist beykir í Brúnsbæ var skipaður virkisstjóri en hann var starfsmaður hjá Phelp. Eftir að skammvinnum valdaferli Jörgensens lauk var lítt um virkið hirt og munu fallbyssurnar flestar hafa verið færðar út í sjó og sökt, að því er segir í árbókum Espólíns. Þegar hafnargerðin hófst 1913 kom fljótlega að því að Batteríið yrði rifið. Nú stendur þar Seðlabankahúsið.[79]
**Lýsing:** Stærð virkisins hefur verið um 15 x 15m.[80]

## Arnarhóll 181287 7 - 19

Hlutverk: Vatnsból
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 357219,4
Y: 408289,7
Sérheiti: Ingólfsbrunnur, Landshöfðingjabrunnur
**Staðhættir:**„Á Arnarhóli var aptur á móti brunnur neðarlega í túninu sunnanverðu, sem enn sjer merki til, en þar var að allajafna talið ljelegt vatnsból.“[81] Brunnurinn er merktur inn á kort Sveins Sveinssonar 1887, og er

---

[77] Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 2. bindi, 1987, 82.
[78] Örnefnaskrá Reykjavíkur og Seltjarnarness, Ari Gíslason, Örnefnastofnun, 12.
[79] Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 1. bindi, 1991, 82.
[80] Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.
[81] Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur,* I.-II. bindi. 1929, 29.

hann rétt norðan við gangstéttina við Hverfisgötu.[82] Hugsast getur að einn af þeim stöðum sem kom fram í jarðsjármælingum sé brunnurinn.
**Lýsing:** Brunnurinn hefur verið um 2 x 2 m.

## Arnarhóll 181287 7 - 22

Hlutverk: Veggur
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 357264,9
Y: 408279,7
Ástand: Ómetið
**Staðhættir:** Jarðsjármælingarnar voru framkvæmdar dagana 5. og 6. maí 1993 á Arnarhóli.
Samtals voru 17 snið mæld sem voru 537,25 m að lengd. Mælt var á 25 sm fresti og var heildarfjöldi mælipunkta því tæplega 2.200. Mælt var með 200 MHz loftneti, sem náði 2-4 m niður í jarðlögin. Útbreiðsluhraði rafsegulbylgnanna sem notaður var á svæðinu var 0,05 m/ns.
**Lýsing:** Á línu 1 gæti verið veggur.[83]

## Arnarhóll 181287 7 - 23

Hlutverk: Veggur
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 357209,8
Y: 408297,5
Ástand: Ómetið
**Staðhættir:** Jarðsjármælingarnar voru framkvæmdar dagana 5. og 6. maí 1993 á Arnarhóli.
Samtals voru 17 snið mæld sem voru 537,25 m að lengd. Mælt var á 25 sm fresti og var heildarfjöldi mælipunkta því tæplega 2.200. Mælt var með 200 MHz loftneti, sem náði 2-4 m niður í jarðlögin. Útbreiðsluhraði rafsegulbylgnanna sem notaður var á svæðinu var 0,05 m/ns.[84]
**Lýsing:** Á línu 3 gæti verið veggur þar sem línan sker línu 7.[85]

## Arnarhóll 181287 7 - 24

Hlutverk: Veggur
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 357226,9
Y: 408285,2
Ástand: Ómetið
**Staðhættir:** Jarðsjármælingarnar voru framkvæmdar dagana 5. og 6. maí 1993 á Arnarhóli.
Samtals voru 17 snið mæld sem voru 537,25 m að lengd. Mælt var á 25 sm fresti og var heildarfjöldi mælipunkta því tæplega 2.200. Mælt var með 200 MHz loftneti, sem náði 2-4 m niður í jarðlögin. Útbreiðsluhraði rafsegulbylgjanna sem notaður var á svæðinu var 0,05 m/ns.[86]
**Lýsing.** Á línu 5 gæti verið veggur á tveimur stöðum.[87]

## Arnarhóll 181287 7 - 25

Hlutverk: Veggur
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 357231,0
Y: 408287,1
Ástand: Ómetið
**Staðhættir:** Jarðsjármælingarnar voru framkvæmdar dagana 5. og 6. maí 1993 á Arnarhóli.

[82] Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.
[83] Bjarni F. Einarsson, *Arnarhóll*, Greinargerð um jarðsjárkönnun og fornleifar á Arnarhóli í Reykjavík, 1993.
[84] Jarðsjármælingar á Arnarhóli, 1993.
[85] Bjarni F. Einarsson, *Arnarhóll*, Greinargerð um jarðsjárkönnun og fornleifar á Arnarhóli í Reykjavík, 1993.
[86] Jarðsjármælingar á Arnarhóli, 1993.
[87] Bjarni F. Einarsson, *Arnarhóll*, Greinargerð um jarðsjárkönnun og fornleifar á Arnarhóli í Reykjavík, 1993.

Samtals voru 17 snið mæld sem voru 537,25 m að lengd. Mælt var á 25 sm fresti og var heildarfjöldi mælipunkta því tæplega 2.200. Mælt var með 200 MHz loftneti, sem náði 2-4 m niður í jarðlögin. Útbreiðsluhraði rafsegulbylgjanna sem notaður var á svæðinu var 0,05 m/ns.[88]
**Lýsing.** Á línu 5 gæti verið veggur á tveimur stöðum.[89]

## Arnarhóll 181287 7 - 26

Hlutverk: Rúst
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 357237,1
Y: 408315,7
Ástand: Ómetið
**Staðhættir:** Jarðsjármælingarnar voru framkvæmdar dagana 5. og 6. maí 1993 á Arnarhóli.
Samtals voru 17 snið mæld sem voru 537,25 m að lengd. Mælt var á 25 sm fresti og var heildarfjöldi mælipunkta því tæplega 2.200. Mælt var með 200 MHz loftneti, sem náði 2-4 m niður í jarðlögin. Útbreiðsluhraði rafsegulbylgjanna sem notaður var á svæðinu var 0,05 m/ns.[90]
**Lýsing:** Á línu 4 gæti verið rúst.[91]

## Arnarhóll 181287 7 - 27

Hlutverk: Tóft
Tegund: Heimild;
Staðsetning: X: 357280,398682
Y: 408335,534931
Ástand: Ómetið

[88] Jarðsjármælingar á Arnarhóli, 1993.
[89] Bjarni F. Einarsson, *Arnarhóll,* Greinagerð um jarðsjárkönnun og fornleifar á Arnarhóli í Reykjavík, 1993.
[90] Jarðsjármælingar á Arnarhóli, 1993.
[91] Bjarni F. Einarsson, *Arnarhóll,* Greinagerð um jarðsjárkönnun og fornleifar á Arnarhóli í Reykjavík, 1993.

**Staðhættir:** Jarðsjármælingarnar voru framkvæmdar dagana 5. og 6. maí 1993 á Arnarhóli.
Samtals voru 17 snið mæld sem voru 537,25 m að lengd. Mælt var á 25 sm fresti og var heildarfjöldi mælipunkta því tæplega 2.200. Mælt var með 200 MHz loftneti, sem náði 2-4 m niður í jarðlögin. Útbreiðsluhraði rafsegulbylgjanna sem notaður var á svæðinu var 0,05 m/ns.[92]
**Lýsing**: Þar sem lína 16 og 17 skerast er tóft og er hún sjáanleg á yfirborði.

## Arnarhóll 181287 7 - 30

Hlutverk: Kofi
Tegund: Heimild 465
Staðsetning: X: 357212,907868
Y: 408276,130755
Ástand: Ómetið
Aldur: 1836
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á korti V. Lottins af Reykjavík er merktur inn kofi á Arnarhólstúni númer 3. Kofinn hefur því tilheyrt stiftamtmanni.[93]
**Lýsing**: Kofinn hefur verið rétt vestan við það sem nú er Hverfisgata 4.

## Arnarhóll 181287 7 - 31

Hlutverk: Kofi
Tegund: Heimild 465
Staðsetning: X: 357224,40443
Y: 408295,036213
Ástand: Ómetið
Aldur: 1836
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á korti V. Lottins af Reykjavík er merktur inn kofi á

[92] Jarðsjármælingar á Arnarhóli, 1993.
[93] Victor Lottin, Reykjavík 1836, Reykjavíkurkort.

Arnarhólstúni númer 3. Kofinn hefur því tilheyrt stiftamtmanni.[94]
**Lýsing:** Gæti hafa verið norðan við Hverfisgötu í gangstéttinni, þar sem fornleifar komu fram í jarðsjármælingu, sjá 7-24 og 7-25.

## Arnarhóll 181287 7 - 35

Hlutverk: Vegur
Tegund: Heimild 465
Staðsetning: X: 357181,4
Y: 408287,6
Lengd: 60 m
Aldur: 1836
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á korti V. Lottins af Reykjavík er merktur inn vegur frá núverandi stjórnarráði norður í átt að Lækjarósnum.[95]
**Lýsing:** Vegurinn hefur verið steinhlaðinn. En er nú horfinn undir gatnaframkvæmdir.

## Arnarhóll 181287 7 - 43

Sérheiti: Klapparvör
Hlutverk: Vör
Tegund: Heimild 465
Staðsetning: X: 357567,2
Y: 408364,1
Horfin: Já
**Staðhættir:** Klapparvör var vestan við bæinn Klöpp. Þaðan munu fyrrum hafa gengið mörg sex manna för auk smærri skipa og báta.[96]
**Lýsing:** Nú er vörin horfin undir uppfyllingu.

## Reykjavík 181285 5 - 6

Sérheiti: Grófin/ Bæjarvör/Ingólfsvör
Hlutverk: Lendingarstaður
Tegund: Heimild 465
Staðsetning: X: 356866,0
Y: 408454,7
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
**Staðhættir:** Grófin var aðallendingin frá Vík, þar í var Bæjarvör, þar sem eitthvers staðar er kölluð Ingólfsvör.[97] „Grófin heitir nú gata sem tengir saman Vesturgötu og Geirsgötu. Nafnið á sér langa sögu. Frá Lækjarósum fyrir neðan Arnarhól og vestur fyrir, þar sem nú er húsið Vesturgata 4 og austan við það, var fram á þessa öld malar og sandfjara en beggja vegna tóku við urð og klappir. Inn í þessa fjöru gekk vestast kriki nefndur Grófin, og náði upp undir Vesturgötu 2-4. Þetta svæði er nú allt horfið undir uppfyllingu.“[98]
Bæjarvör Reykjavíkurbæjarins hefur verið
vestast í fjörunni, þar sem síðar var kallað Grófin, og hefur sjávargatan því legið, þar sem nú er Aðalstræti.[99]
Fjaran ( í Grófinni) náði alveg upp að Vesturgötunni og í stórstraums flóði og norðanátt ruddist sjórinn inn yfir götuna og alla leið upp að Liverpool og inn í verslun, sem var í kjallaranum. Skolaði hann þá þar og allskonar rusli með sér, svo stundum var erfitt að komast áfram eftir miklar hamfarir Ægis. Í Grófinni voru uppsátur margra útgerðamanna og kaupmanna. Stóðu þar uppskipunarskip, stór og þung, sem notuð voru til flutninga áður en hafnagerðin kom og skip gátu lagst upp að bryggju eða hafnabakka.[100]

---

[94] Victor Lottin, Reykjavík 1836, Reykjavíkurkort.
[95] Victor Lottin, Reykjavík 1836, Reykjavíkurkort.
[96] Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund,* 2. bindi, 1987, 103.
[97] Örnefnaskrá Reykjavíkur og Seltjarnarness, Ari Gíslason, Örnefnastofnun, 11.
[98] Páll Líndal 1986, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 1. bindi, 179.
[99] Georg Ólafsson, Þættir úr sögu Reykjavíkur, 18.
[100] Hendrik Ottóson, Frá Hlíðarhúsum til Bjarmalands, 69.

**Lýsing:** Grófin var sandfjara milli Vesturgötu 2 og 4. Nú er búið að fylla þarna upp og er þarna gatan Grófin.

## Reykjavík 181285 5 - 49

Sérheiti: Bæjarbryggja
Hlutverk: Bryggja
Tegund: Bryggja
Aldur: 1884
Staðsetning: X: 357042,1
Y: 408384,2
Ástand: gott
Horfin: Nei
**Staðhættir:** Fyrsta bryggjan sem byggð var í Reykjavík á vegum yfirvalda var gerð árið 1884. Hugmynd um bæjarbryggju sem almenningur hefði frjálsan aðgang að hafði verið í umræðunni um nokkurt skeið en á árunum 1883 og 1884 komst hreyfing á málið. Ákveðið var að bryggjan skyldi liggja beint undan Pósthússtræti og var Jakobi Sveinssyni trésmið falið að gera bryggjuna. Bryggjan var að hluta úr tré og að hluta úr steini. Bæjarbryggjan bætti lítið ástandið við höfnina í Reykjavík og þótti hvorki notadrjúg né tilkomumikil. Árið 1891 var ákveðið að sá hluti bryggjunnar sem var úr tré skyldi vera hlaðinn úr grjóti og var ráðist í þær framkvæmdir árið 1892. Eftir það var bryggjan kölluð Steinbryggjan. Enn á ný var unnið að viðgerðum á bryggjunni árið 1905 og þá undir stjórn Tryggva Gunnarssonar bankastjóra. Ekki tókst betur til en svo að eftir viðgerðina tók hluti bryggjunnar að síga og var hún þá kölluð Tryggvasker eða Tryggvaboði af andstæðingum Tryggva og gárungum bæjarins.[101]

[101] Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur,* fyrra bindi, 315-316 og Gerður Róbertsdóttir og Ragnheiður Mósesdóttir: „Hafnlaus höfuðstaður", Sagnir 1984, 46-47.

**Lýsing:** Bryggjan er enn heil og er neðanjarðar á móts við þar sem nú er inngangur í Kolaportið.

## Reykjavík 181285 5 - 50

Sérheiti: Zimsenpóstur
Hlutverk: Vatnsból
Tegund: Heimild
Aldur: 1902
Staðsetning: X: 357154,89
Y: 408310,0
Ástand: Ómetið
**Staðhættir:** Brunnur var á lóðinni Hafnastræti 23 þar sem Zimsenhúsið var, sjá kort Sveins Sveinssonar 1887.[102]
Í endurminningum Knud Zimsen minnist hann á að hafa endurbætt brunn föður sins.[103]

## Reykjavík 181285 5 - 82

Sérheiti: Hafnarstræti
Hlutverk: Vegur
Tegund: Gata
Staðsetning: X: 357134,2
Y: 408334,3
Ástand: Ómetið
Horfin: Nei
**Staðhættir:** Hafnarstræti er gata í miðbænum. Aðalleiðin að höfuðbólinu Reykjavík, í Hólmskaupstað og svo fram á Nes, lá öldum saman um Arnarhólstraðir, yfir Lækinn og svo vestur í Grófina en þá skiptust leiðir eftir því hvert halda skyldi. Í fjörunni frá Lækjarósnum og vestur að Grófinni hafði einhvern tíma verið hlaðinn grjótgarður til að verja Austurvöll fyrir ágangi sjávar og lá leiðin með garði þessum, sjávarmegin. Norðan megin Strandgötunnar eða Hafnarstrætis, en

[102] Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.
[103] Lúðvík Kristjánsson, *Úr bæ í borg.*

svo var hún formlega nefnd 1848, voru víða stakkstæði.[104]
Á korti frá 1787 af kaupstaðarlóðinni er merktur inn vegur meðfram ströndinni, sem hefur verið forveri Hafnarstrætis.[105]

## Reykjavík 181285 5 - 83

Hlutverk: Sjóvarnargarður
Tegund: Heimild
Aldur: 1787
Staðsetning: X: 357166,0
Y: 408337,2
Lengd: 250 m
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á korti frá 1787 af kaupstaðarlóðinni er merktur inn grjótgarður meðfram ströndinni. Hann lá frá Lækjarósnum og vestur að Grófinni.[106] Hann hefur verið hlaðinn til að verja Austurvöll fyrir ágangi sjávar og lá leiðin með garði þessum.[107]

## Reykjavík 181285 5 - 84

Hlutverk: Hús
Tegund: Heimild
Aldur: 1836
Staðsetning: X: 357149,0
Y: 408342,7
Lengd: 6 m
Breidd: 14 m
Horfin: Já
Á korti V. Lottins af Reykjavík er merkt inn hús við fjöruborðið.[108]
**Lýsing:** Húsið hefur verið 6x16 m og tilheyrt Sívertsen.

## Reykjavík 181285 5 - 85

Hlutverk: Hús
Tegund: Heimild
Aldur: 1836
Staðsetning: X: 357137,7
Y: 408318,0
Lengd: 7 m
Breidd: 18 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á korti V. Lottins af Reykjavík er merkt inn hús þar sem nú er Hafnastræti 20.[109]
**Lýsing:** Húsið hefur verið 6x16 m og tilheyrt Sívertsen.

## Reykjavík 181285 5 - 86

Hlutverk: Hús
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1836
Staðsetning: X: 357120,9
Y: 408319,0
Lengd: 4 m
Breidd: 10 m
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á korti V. Lottins af Reykjavík er merkt inn hús þar sem nú er Hafnastræti 20.[110]
**Lýsing:** Húsið hefur verið 4 x 8m og tilheyrt Sívertsen.

## Reykjavík 181285 5 - 87

Sérheiti: Simsenbryggja
Hlutverk: Bryggja
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 357148,6
Y: 408395,3
Lengd: 60 m
Breidd: 3 m
Horfin: Já

---

[104] Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 2. bindi, 1987, 6.
[105] Victor Lottin, Reykjavík 1836, Reykjavíkurkort.
[106] Victor Lottin, Reykjavík 1836, Reykjavíkurkort.
[107] Páll Líndal, Reykjavík, sögustaður við Sund, 2. bindi, 1987, 6.
[108] Victor Lottin, Reykjavík 1836, Reykjavíkurkort.
[109] Victor Lottin, Reykjavík 1836, Reykjavíkurkort.
[110] Victor Lottin, Reykjavík 1836, Reykjavíkurkort.

**Staðhættir:** Á korti Sveins Sveinssonar af Reykjavík 1887 er merkt inn bryggja á þessum stað.[111] Bryggjan hefur trúlega verið byggð út af húsi Sívertsen. Nú eru þarna bílastæði við Geirsgötuna
**Lýsing:** Bryggjan hefur verið 60 m löng og um 3 m breið, úr timbri.

## Reykjavík 181285 5 - 88

Sérheiti: Smithsbryggja/ Thomsensbryggja
Hlutverk: Bryggja
Tegund: Heimild
Aldur: 1836
Staðsetning: X: 357084,5
Y: 408390,8
Lengd: 60 m
Breidd: 3 m
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á korti V. Lottins af Reykjavík er merkt inn bryggja á þessum stað.[112] Bryggjan hefur verið í beinu framhaldi af Kolasundi sem var á milli Hafnarstrætis 17 og 19. Nú er búið að fylla þetta svæði upp og í dag eru þarna bílastæði.
Kolasund er upphaflega götuslóði sem lá frá þessari bryggju. Eftir miðja síðustu öld var bryggjan nefnd Smithsbryggja eftir eiganda sínum, M. Smith konsúl, en síðar Thomsensbryggja. Upp eftir þessari bryggju og götuslóðanum voru borin kol í pokum á geymslusvæði sunnan Hafnarstrætis.[113]
**Lýsing:** Bryggjan hefur verið um 60 m löng og 3 m breið og úr timbri.

## Reykjavík 181285 5 - 89

Hlutverk: Bryggja
Tegund: Heimild
Aldur: 1836
Staðsetning: X: 357021,2
Y: 408388,3
Lengd: 90 m
Breidd: 3 m
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á korti V. Lottins af Reykjavík er merkt inn bryggja á þessum stað.[114] Bryggjan var rétt vestan við Steinbryggjuna og tilheyrði trúlega Bieringsbúð. Nú er búið að fylla upp þetta svæði og í dag eru þarna Pósthússtræti 2 og Tryggvagata 19.
**Lýsing:** Bryggjan hefur verið um 90m löng árið 1887 og 3m breið og úr timbri.

## Reykjavík 181285 5 - 90

Hlutverk: Bryggja
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1836
Staðsetning: X: 356991,6
Y: 408395,3
Lengd: 50 m
Breidd: 3 m
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á korti V. Lottins af Reykjavík er merkt inn bryggja á þessum stað.[115] Bryggjan
var á milli Hafnastrætis 8 og 10. Nú er búið að fylla upp þetta svæði og í dag eru þarna Hafnarstræti 7 og Tryggvagata 19. Þessi bryggja hefur ekki verið til þegar Sveinn Sveinsson gerir sitt kort 1887.[116]
**Lýsing:** Bryggjan hefur verið um 50 m löng og 3 m breið úr timbri.

## Reykjavík 181285 5 - 91

Hlutverk: Bryggja

---

111 Lúðvík Kristjánsson, *Úr bæ í borg*.
112 Victor Lottin, Reykjavík 1836, Reykjavíkurkort.
113 Páll Líndal, *Reykjaví, Sögustaður við Sund*, 2. bindi, 1987, 103.
114 Victor Lottin, Reykjavík 1836, Reykjavíkurkort.
115 Victor Lottin, Reykjavík 1836, Reykjavíkurkort.
116 Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.

Tegund: Heimild
Aldur: 1836
Staðsetning: X: 356929,1
Y: 408434,8
Lengd: 50 m
Breidd: 3 m
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á korti V. Lottins af Reykjavík 1836 er merkt inn bryggja á þessum stað. Bryggjan var trúlega í framhaldi af verslun M. Petrsen sem var á lóð Hafnarstrætis 1-3. Nú er búið að fylla upp í þetta svæði og í dag eru þarna Vesturgata 2, Naustin 2, Tryggvagata 22 og 17. Þessi bryggja hefur ekki verið til þegar Sveinn Sveinsson gerir sitt kort 1887.[117]
**Lýsing:** Bryggjan hefur verið um 50 m löng og 3 m breið og úr timbri.[118]

## Reykjavík 181285 5 - 92

Sérheiti: Fischersbryggja
Hlutverk: Bryggja
Tegund: Heimild
Aldur: 1836
Staðsetning: X: 356906,9
Y: 408448,3
Lengd: 70 m
Breidd: 3 m
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á korti Sveins Sveinssonar af Reykjavík 1887 er merkt inn bryggja á þessum stað.[119] Bryggjan var byggð á undan húsinu, þannig að þegar húsið var byggt var skilyrði að gangurinn í gegnum húsið væri opinn.[120]
**Lýsing:** Bryggjan hefur verið um 70 m löng og 3 m breið og úr timbri.

[117] Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.
[118] Victor Lottin, Reykjavík 1836, Reykjavíkurkort.
[119] Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.
[120] Páll Líndal, *Reykjavík,Sögustaður við Sund*, 3. bindi, 1991. 143.

## Reykjavík 181285 5 - 96

Sérheiti: Kolageymsla
Hlutverk: Pakkhús
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1860
Staðsetning: X: 357093,9
Y: 408362,3
Lengd: 16 m
Breidd: 7 m
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á korti Sveins Sveinssonar af Reykjavík 1887 er merkt inn hús á þessum stað.[121] M. Smith byggði geymsluhús á stakkstæðinu norðan götunnar árið 1860 þetta var kolageymsla.[122]

## Reykjavík 181285 5 - 97

Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1870
Staðsetning: X: 357093,294531
Y: 408349,492005
Lengd: 12 m
Breidd: 7 m
Horfin: Já
**Staðhættir r** Á korti Sveins Sveinssonar af Reykjavík 1887 er merkt inn hús á þessum stað.[123] M. Smith byggði geymsluhús á stakkstæðinu og byggði síðar ofan á það 1870.[124]

## Reykjavík 181285 5 - 98

Hlutverk: Pakkhús
Tegund: Heimild 465

[121] Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.
[122] Brunavirðing no. 134, Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund,* 3. bindi, 1991. 143.
[123] Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.
[124] Brunavirðing B/280, III Hafnarstræti.

Aldur: 1887
Staðsetning: X: 357116,0
Y: 408364,8
Lengd: 12 m
Breidd: 7 m
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á korti Sveins Sveinssonar af Reykjavík 1887 er merkt inn hús á þessum stað.[125] Trúlega hefur þetta verið pakkhús.
**Lýsing:** Í nóvember 1996 komu starfsmenn Gatnamálastjóra niður á rými neðanjarðar á bak við húsið að Hafnarstræti 21. Starfsmenn Árbæjar-safns fóru á vettvang og skoðuðu aðstæður. Á þessum stað hafa staðið pakkhús allt frá miðri síðustu öld. Stóðu þau á þáverandi fjörukambi og ef gerði vont veður barði sjórinn húsin. Af þessum sökum var það mikilvægt að þau væru vel byggð. Slík var einmitt raunin með kjallarann sem fannst 1996. Kjallaragólfið virtist allt vera steinsteypt en erfitt var fyrir starfsmenn að fullyrða um það þar sem mikil möl hafði hrunið niður í kjallarann af bílastæði Borgarbílastöðvarinnar. Í veggjum var neðst tvöföld röð tilhöggvinna steina, sem steypt hafði verið ofaná. Loft kjallarans var steinsteypt, járnbent með mjóum járnbitum, en stærri bitar lágu undir loftinu sem haldið var uppi af steinsteyptum súlum. Í virðingu af húsinu frá 1899 er greint frá steinsteyptu gólfi í kjallara og er því steinsteypta gólfið í kjallaranum sem fannst eitt hið elsta í Reykjavík ásamt gólfinu í Barónsfjósinu. Ekki er getið steinsteypts milligólfs. Þess er fyrst getið í brunavirðingu frá 1910. Er það steypt á sama máta og flata þakið á Gimli við Lækjargötu, sem gert var árið 1906, það er mjóir járnbitar í steypu, en breiðari þar undir. Steypta loftið er því nánast jafn gamalt slétta þakinu á Gimli sem er fyrsta lárétta platan sem steypt var á Íslandi. Það sem gerir kjallarann enn sérstæðari eru steinsteyptu súlurnar sem halda uppi járndregurunum sem styðja loftið. Var þetta samspil steinsteypu og járns í burðavirki hússins, nýlunda á þessum tíma.[126]

## Reykjavík 181285 5 - 99

Hlutverk: Pakkhús
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1887
Staðsetning: X: 357142,7
Y: 408363,9
Lengd: 25 m
Breidd: 8 m
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á korti Sveins Sveinssonar af Reykjavík 1887 er merkt inn hús á þessum stað.[127] Trúlega hefur þetta verið pakkhús.

## Reykjavík 181285 5 - 100

Hlutverk: Pakkhús
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1887
Staðsetning: X: 357189,1
Y: 408363,7
Lengd: 12 m
Breidd: 6 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
**Staðhættir** Á korti Sveins Sveinssonar af Reykjavík 1887 er merkt inn hús á þessum stað.[128] Trúlega hefur þetta verið pakkhús.

---

[125] Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.

[126] Skjalasafn Minjasafns Reykjavíkur.

[127] Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.

[128] Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.

## Reykjavík 181285 5 - 108

Hlutverk: Pakkhús
Tegund: Heimild
Aldur: 1887
Staðsetning: X: 357189,3
Y: 408340,2
Lengd: 6 m
Breidd: 4 m
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á korti Sveins Sveinssonar af Reykjavík 1887 er merkt inn hús á þessum stað við Lækinn.[129] Trúlega hefur þetta verið pakkhús og tilheyrt Siemsen.

## Reykjavík 181285 5 - 109

Hlutverk: Pakkhús
Tegund: Heimild
Aldur: 1887
Staðsetning: X: 357069,6
Y: 408362,1
Lengd: 15 m
Breidd: 7 m
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á korti Sveins Sveinssonar af Reykjavík 1887 er merkt inn hús á þessum stað við Kolasund.[130] Trúlega hefur þetta verið pakkhús sem hefur tilheyrt verslun M. Smith á sínum tíma, sjá fornleifar nr. 5-96.

## Reykjavík 181285 5 - 110

Hlutverk: Bólverk
Tegund: Heimild
Aldur: 1902
Staðsetning: X: 357172,6
Y: 408373,7
Lengd: 50 m
Breidd: 1 m
Aldur: 1902
Horfin: Já, trúlega undir fyllingu.
**Staðhættir:** Bólverk eða steinhlaðinn kantur er merktur inn á kort frá 1902.[131] Hann er austan við Zimsen bryggju. Kantur þessi hefur legið samsíða húsinu að norðanverðu.
**Lýsing:** Gæti veri svipað og bólverkið við Vesturgötu 2.

## Hlíðarhús 181283 3 - 75

Sérheiti: Björnsbryggja
Hlutverk: Bryggja
Tegund: Heimild
Aldur: 1876
Staðsetning: X: 356779,5
Y: 408562,3
Lengd: 4 m
Breidd: 50 m
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á korti Sveins Sveinssonar frá 1876 er merkt inn bryggja þar sem nú er Vesturgata 4.[132] „Vestast í Grófinni var Björnsbryggja.“[133]

## Hlíðarhús 181283 3 - 77

Hlutverk: Stakkstæði
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1881
Staðsetning: X: 356874,0
Y: 408459,6
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
**Staðhættir:** „Fyrir norðan húsið (Vesturgötu 6) voru stakkstæði,“[134]

---

[129] Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.
[130] Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.
[131] Reykjavík 1902. Landmælingadeild herforingjaráðsins í Kaupmannahöfn. Árbæjarsafn.
[132] Sveinn Sveinsson: Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn 1887.
[133] Lúðvík Kristjánsson, *Úr bæ í borg,* 177.
[134] Páll Líndal, 1986. *Reykjavík, Sögustaður við Sund,* 3. bindi, 147.

„Geir Zoëga leyft að byggja hús, 18 x 12 álnir, á eigin stakkstæði norðan við Læknisgötu, í túninu við Þórð í Hól“ 6/9 1881.[135]
**Lýsing:** Þetta svæði er nú allt horfið undir uppfyllingu.

## Hlíðarhús 181283 3 - 78

Sérheiti: Steinhúsavör
Hlutverk: Vör
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 356844
Y: 408511
Horfin: Já
**Staðhættir:** „Steinhúsavör var í geil milli tveggja klettabelta, sem voru í fjörunni fyrir neðan núverandi Norðurstíg. Úr þeirri vör var aðeins róið skipum Steinhússinga.“[136]
**Lýsing:** Þetta svæði er nú allt horfið undir uppfyllingu**.**

## Hlíðarhús 181283 3 - 79

Sérheiti: Geirsbryggja
Hlutverk: Bryggja
Tegund: Heimild
Aldur: 1887
Staðsetning: X: 356789,0
Y: 408620,7
Lengd: 50 m
Breidd: 4 m
Horfin: Já
**Staðhættir:** Á korti Sveins Sveinssonar frá 1887 er komin bryggja frá lóðinni Vesturgötu 6.[137] „Vestast var Geirsbryggja, kennd við Geir Zoëga og stóð niður undan verslunarhúsi hans.“ [138]

Bryggjan er einnig merkt inn á kort frá 1902.[139]

[135] Brunavirðing B/118, fyrir Vesturgötu 6.
[136] Ágúst Jósepsson, *Minningar og svipmyndir úr Reykjavík*, 84.
[137] Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.
[138] Lúðvík Kristjánsson, *Úr bæ í borg,* 177.
[139] Landmælingadeild herforingjaráðsins í Kaupmannahöfn, Mælikvarði 1:5.000, Árbæjarsafn.

# Niðurstöður og verndunarákvæði

Á skipulagsvæðinu eru skráðir 44 minjastaðir, fjórir eru á *Hlíðarhúsajörðinni*, 20 í *Reykjavík* en 20 á *Arnarhóli*. Ekki er vitað nákvæmlega hvar jarðamörk voru þannig að eitthvað af minjastöðunum getur hugsanlega verið skráð undir ranga jörð.
Tvennt er það sem einkennir þetta skipulagssvæði, hið forna býli *Arnarhóll* og síðan gamla fjaran, með uppsátrum, bryggjum og pakkhúsum. Stór hluti svæðisins er síðan uppfylling frá nútíma.

| Jörð | Bústaður | Geymsluhús | Bryggja | Vör | Veggir/rústir | Annað | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hlíðarhús | | | 2 | 1 | | 1 | 4 |
| Reykjavík | 4 | 4 | 7 | 1 | | 4 | 20 |
| Arnarhóll | 3 | 1 | | 1 | 7 | 8 | 20 |
| Samtals | 7 | 5 | 9 | 3 | 7 | 13 | 44 |

Tafla 1. Fjöldi og flokkar búsetuminja.

Elstu minjar á svæðinu er væntanlega að finna á *Arnarhóli*. Samkvæmt fornleifa-rannsóknum er þar að finna minjar eldri en frá árinu1226, auk forns bæjarstæðis *Arnarhóls*. Verndarsvæði hefur verið merkt inn þar sem búast má við minjum á *Arnarhói* (sjá mynd 16). Fornleifarannsóknir þurfa því að fara þar fram ef til stendur að fara þar í verklegar framkvæmdir. Á hólnum er auk þess elsti vegur til bæjarins, þ.e.a.s. *Arnarhólstraðir* (7-2*)*. **Þessar minjar ætti að vernda um ókomna framtíð**, þar sem þetta er eini staðurinn í miðbænum sem hefur að geyma sjáanlegar minjar á yfirborði eða svo kallað menningarlandslag.




Mynd 18. Verndarsvæði á Arnarhóli.

Yngri minjar er síðan að finna á hafnarsvæðinu. Mikið rask hefur átt sér stað á svæðinu. Ströndin er ekki lengur náttúruleg og stór hluti af minjum er því horfinn, sérstaklega á það við um bryggjur og pakkhús (geymslur). Vitað er þó að *Steinbryggjan* (nr. 5-49) hvílir enn í jörð framundan Pósthússtræti. Verndarsvæði hefur verið merkt inn á mynd fyrir yngri minjar (sjá mynd 19). Þar er að finna steyptan kjallara undan einu af pakkhúsunum norðan við Hafnarstæti 21. Kjallari þessi hefur trúlega að geyma elstu steinsteypu í Reykjavík (sjá nr. 5-89). Svipaðar minjar gæti verið að finna víðar á því svæði sem hafði að geyma pakkhús. Bólverk gæti auk þess leynst í jörðu við Tryggvagötu (nr. 5-110). Því gæti svipað til bólverksins sem er að finna norðan við Vesturgötu 2. Áður en til framkvæmda kemur á þessu svæði er nauðsynlegt að gera fornleifakönnun..



Mynd 19. Blástrikaða svæðið hefur að geyma minjar frá 18. - 19. öld.

# Húsakönnun

Hér fer á eftir byggingarsöguleg úttekt á svæðinu sem afmarkast af Ingólfsstræti, Hverfisgötu, Hafnarstræti, Pósthússtræti, Tryggvagötu og Geirsgötu. Innan svæðisins liggja Faxagata, Kalkofnsvegur, Lækjargata, Austurbugt og *Arnarhóll*. Það svæði sem hér er til umfjöllunar er frábrugðið öðrum svæðum sem rannsökuð hafa verið í húsakönnunum Minjasafns Reykjavíkur að því leyti að flest húsin sem hér eru könnuð standa á uppfyllingum, sem komu til vegna gerðar hafnarinnar.



Mynd 20. Séð yfir *Arnarhól* og miðbæinn um 1931. MAÓ 1602.[140]

## Húsagerð og aldur

Í þessari húsakönnun er fjallað um sextán hús. Ellefu þeirra eru gerð úr steinsteypu, fjögur úr timburbindingi og eitt er stálgrindarhús. Að upphaflegri gerð eru fjögur einlyft, fjögur tvílyft, fimm þrílyft og tvö fimmlyft. Hús *Seðlabanka Íslands* er sjö hæðir sem skiptast í kjallara, jarðhæð og 1. hæð sem er svonefnd lágbyggingu og 2.-5. hæð sem eru svonefnd hábygging.

Elsta húsið, Hafnarstræti 21, var byggt árið 1883, en það yngsta, Geirsgata 19, árið 1994. Næst elsta húsið stendur einnig við Hafnarstræti eða númer 15 og var það byggt árið 1898. Hafnarstræti 17 var byggt aldamótaárið 1900 og Hafnarstræti 19 árið 1925. Fyrsti hluti *Grófarhússins*, Tryggvagötu 15, var byggður árið 1931 en húsið var fullklárað árið 1963. *Hafnarhúsið*, Tryggvagata 17, var byggt á árunum 1933-1939 og *Hafnarhvoll*, Tryggvagata 11, árið 1945. Húsin að Austurbugt 5 voru byggð árið 1958 en ekki er vitað með vissu hvenær húsið að Austurbugt 3 var byggt. Það var fyrst virt árið 1949 en var þá

[140] Ljósmyndasafn Reykjavíkur, MAÓ 1602.

ekki nýbyggt. Samkvæmt loftmynd af svæðinu frá 1937 var húsið ekki komið þá. Af þessu má ráða að húsið hafi verið byggt á árunum 1937–1949. Húsið *Hafnarbúðir*, Geirsgata 9, var byggt árið 1961. Vörugeymslan að Faxagötu 2 var byggð á árunum 1969–1970 og vörugeymslan að Geirsgötu 11 árið 1982. *Tollstöðin*, að Tryggvagötu 19, var reist á árunum 1967–1970 og húsið að Hafnarstræti 20 árið 1977. Hús *Seðlabanka Íslands* var byggt á árunum 1980-1987.



Mynd 21. Útsýni yfir Reykjavíkurhöfn og Hafnarstræti sumarið 1936.[141]

## Breytingar

Húsin eru flest óbreytt frá upphaflegri gerð. Einna helst hefur verið byggt við þau eða þau hækkuð. Með breytingum á gluggum hafa sum þeirra breyst í útliti.
Húsin við Hafnarstræti hafa einna helst breyst. Talsvert hefur verið byggt við Hafnarstræti 21 en í dag er það þó í sömu stærðarhlutföllum og árið 1899. Húsgrindin er upprunaleg sem og flestir innviðir, en útlit hússins hefur breyst frá upprunalegri mynd, því það var því sem næst gluggalaust. Nú hafa verið settir stórir gluggar á jarðhæðina og minni á efri hæðina. Einnig hefur húsið að Hafnarstræti 20 verið hækkað um eina hæð frá upphaflegri gerð. Gerðar hafa verið þó nokkrar útlitsbreytingar á húsunum að Hafnarstræti 15 og 17 og byggt við bæði húsið nr. 17 og 19. Húsin að Tryggvagötu 15 og 17 hafa bæði verið hækkuð.

## Höfundar

Ekki er vitað um höfunda fjögurra þeirra húsa sem hér er fjallað um, Austurbugt 3 og Hafnarstræti 15, 17 og 21. Öðru máli gegnir um hin tólf. Gísli Halldórsson arkitekt

[141] Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur,* fyrra bindið, 330.

hannaði húsin að Austurbugt 5 en hann var einnig einn þriggja sem hönnuðu húsið að Tryggvagötu 19, *Tollstöðina*. Hinir tveir voru Jósef Reynis arkitekt og Ólafur Júlíusson. Halldór H. Jónsson arkitekt hannaði húsið að Faxagötu 2, Ormar Þór Guðmundsson arkitekt hannaði húsið að Geirsgötu 11, Baldur Ó. Svavarsson arkitekt hannaði húsið að Geirsgötu 19 og Bjarni Marteinsson arkitekt hannaði húsið að Hafnarstræti 20. Einar Sveinsson og Aðalsteinn Richter arkitektar hönnuðu húsið að Geirsgötu 9 og Einar Erlendsson arkitekt hannaði Hafnarstræti 19. Hús *Seðlabanka Íslands* var hannað af Guðmundi Kr. Guðmundssyni og Ólafi Sigurðssyni arkitektum. Hörður Bjarnason arkitekt hannaði húsið að Tryggvagötu 11 og Sigurður Guðmundsson arkitekt og Þórarinn Kristjánsson hafnarstjóri húsið að Tryggvagötu 19. Nokkrir hönnuðir komu að byggingu hússins við Tryggvagötu 15. Guðjón Samúelsson arktekt teiknaði nyðri hlutann en Sigvaldi Thordarson arkitekt syðri hlutann.



Mynd 22. Hafnarstræti árið 1946.[142]

## Horfin hús og mannvirki

Á því svæði sem hér er til umfjöllunar hafa staðið ýmsar byggingar sem horfið hafa í tímans rás með breyttu skipulagi á svæðinu. Erfitt er að gera grein fyrir öllum þeim vöruskemmum sem staðið hafa á svæðinu þar sem lítið er til af heimildum um þær. En með því að glugga í gamlar ljósmyndir má sjá að mikið var um skemmur af ýmsu tagi á þessu svæði.

Sumt er þó vitað og má þar á meðal nefna að *Verkamannaskýlið* svokallaða stóð sjávarmegin við Tryggvagötu, nálægt gatnamótum við Kalkofnsveg. Þetta var allstórt timburhús sem var fullklárað árið 1923. Þar gátu hafnarverkamenn matast og drukkið

[142] Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, abs 10.357.

kaffi en einnig var þetta einskonar ráðningarmiðstöð fyrir sjómenn og verkamenn. Húsið var rifið í kringum 1962. [143]



Mynd 23. Fyrir miðri mynd má sjá *Verkamannaskýlið* árið 1961. SS[144]

Einnig er *Batteríið* svokallaða horfið en það var virki úr torfi og grjóti. Það stóð við *Arnarhólsklett* þar sem Kalkofnsvegur og Skúlagata mættust áður, en hús *Seðlabankans* stendur nú. Grunnmynd húss *Seðlabankans* tekur að nokkru leyti mið af *Batteríinu*. Jörundur hundadagakonungur lét reisa virkið árið 1809 en því var ekki haldið við.[145] *Ingólfsgarður* var í fyrstu kallaður *Batterísgarður*.



Mynd 24. *Batteríið*. Júlíus Havsteen amtmaður bendir á staðinn.[146]

---

[143] Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 3. bindi, 140-141.
[144] Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 3. bindi, 141.
[145] Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 1. bindi, 81-82.
[146] Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 1. bindi, 82.

Í námunda við *Batteríið* var reistur ofn til kalkbrennslu, *Kalkofninn,* árið 1876. Bygging ofnsins kom til vegna þess að um 1870 fannst kalk í Esjunni hjá Mógilsá. Ákveðið var að reyna að vinna það og nota við húsbyggingar. Á þeim tíma voru flestar vistarverur Reykvíkinga torfbæir og stöðugur samdráttur í innflutningi á timbri frá Noregi. Kaupmenn vildu heldur ekki flytja inn kalk og ef þeir gerðu það var það af skornum skammti og afar dýrt. Með því að hefja framleiðslu á kalki var hægt að hefja byggingu fleiri steinbæja og steinhúsa í bænum.[147] Það var svo Egill Egilson kaupmaður sem réðst í gerð kalkofnsins og sendi hann Björn Guðmundsson múrara utan til að kynna sér hvernig nýtísku kalkbrennsluofnar væru byggðir og að læra að brenna kalk. Björn þessi vann síðan að byggingu ofnsins og varð það allmikið turnlaga hús. Vel var vandað til verksins og var ofninn sem líkastur þeim ofnum sem notaðir voru erlendis. Rekstur fyrirtækisins stóð ekki nema í nokkur ár. Ástæður fyrir því að rekstri var hætt voru að hann borgaði sig ekki vegna óheppilegra vinnubragða og of mikils flutningskostnaðar.[148] Ekki er að finna heimildir um hvenær ofninn hvarf mönnum sjónum. En Kalkofnsvegur dró nafn sitt af þessum ofni.



Mynd 25. Hús Siemsens kaupmanns við Lækinn og *Kalkofninn* í baksýn.[149]

## Nafngiftir gatnanna

Nafngiftir gatnanna sem hér um ræðir eiga rætur sínar að rekja víða.

### Austurbugt

Þessi gata hefur gengið undir ýmsum heitum eins og Sjávargata og Bryggjubraut. Um tíma var hún einnig kölluð Faxagata. Ekki er að finna heimildir fyrir því hvenær nafnið Austurbugt var tekið upp.

### Faxagata

Hafnargarðurinn *Faxagarður* og Faxagata sækja nafngiftir sínar bæði til Faxa, félaga Hrafna-Flóka í leiðangrinum til Íslands sem sagt er frá í Landnámu. Faxaflói er

---

[147] Árni Óla, *Reykjavík fyrri tíma,* fyrsta bindi, 306.
[148] Árni Óla, *Reykjavík fyrri tíma,* fyrsta bindi, 303, 305-307.
[149] Hjörleifur Stefánsson, *Kvosin*, 138.

kenndur við þennan sama Faxa.[150] Ekki er að finna heimildir fyrir samþykki götunafnsins né hvenær það kom fyrst fram í manntali.

### Geirsgata

Gatan er nefnd eftir Geir Zoëga kaupmanni og útgerðarmanni.[151] Nafn götunnar var samþykkt árið 1919.

### Hafnarstræti

Götuheitið var formlega tekið upp árið 1848 en áður hafði gatan verið nefnd Strandgata og Reipslagarabraut eftir einu af geymsluhúsum *Innréttingana* fyrir kaðlagerð. Gatan fylgir enn í dag fjörukambinum forna og skýrir það beygjuna sem á henni er.[152]



Mynd 26. *Varðarhúsið* við Kalkofnsveg.[153]

### Kalkofnsvegur

Kalkofnsvegur tengir saman Geirsgötu, Lækjargötu og Sæbraut. Vegurinn er nefndur eftir kalkofni þeim sem byggður var árið 1876 og stóð neðst við *Arnarhól*, skammt frá Lækjarósnum og í námunda við *Batteríið*.[154]

### Tryggvagata

Tryggvagata er nefnd eftir Tryggva Gunnarssyni bankastjóra og alþingismanni sem var atkvæðamikill í Reykjavík um aldamótin 1900. Gatan varð til eftir uppfyllinguna sem gerð var við hafnargerðina 1913–1917.[155]

---

[150] Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík", 331 og Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 1. bindi, 131.
[151] Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 1. bindi, 157.
[152] Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 2. bindi, 6-8.
[153] Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*, síðari hluti, 273.
[154] Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund,* 2. bindi, 82.
[155] Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 3. bindi, 126.

## Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi byggðar er beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey in Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana, útgefnu af Húsafriðunarnefnd ríkisins árið 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti: Listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð. ***Varðveislugildi húsa*** byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 (*Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar/Hringbrautar*). Líka er höfð til hliðsjónar *Þróunar-áætlun miðborgar* frá árinu 2000.

Til umfjöllunar er svæði vegna fyrirhugaðs tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík. Það afmarkast af Ingólfsstræti, Hverfisgötu, Hafnarstræti, Pósthússtræti Tryggvagötu og Geirsgötu. Innan svæðisins liggja Faxagata, Kalkofnsvegur, Lækjargata, Austurbugt og *Arnarhóll*.

Sú er breyting er gerð frá Húsverndarkorti Reykjavíkur að nú er lagt til að húsin nr. 15,17,19 og 21 njóti verndar í dökkgulum flokki, verndun götumynda.

### HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR.

Varðveislumat húsa á ofangreindu svæði:

DÖKKGULUR FLOKKUR: Verndun götumynda, húsaraða og húsa með umhverfisgildi.

**Hafnarstræti 15**
**Hafnarstræti 17**
**Hafnarstræti 19**
**Hafnarstræti 21**

Húsin mynda ákveðna heild með Hafnarstræti 16 og Pósthússtræti 3, sem þegar eru friðuð. Húsin nr. 15-21 endurspegla legu gömlu strandlínunnar. Þau eru jafnframt hluti af stærri heild eldri verslunarhúsa við austanvert Hafnarstræti, sem það myndar ásamt húsunum Hafnarstræti 16 og 18 sunnan götu og Hafnarstræti 15 og 17 norðan hennar.

GRÆNN FLOKKUR: Verndun 20. aldar bygginga.

**Kalkofnsvegur 1 (Seðlabanki Íslands):** mikilvæg opinber bygging á sínum tíma, þar sem ekkert var til sparað.

**Tryggvagata 17 (Hafnarhúsið):** Vörugeymslu- og skrifstofuhús í anda funksjónalisma, einstakt í sinni röð hér á landi.

APPELSÍNUGULUR FL0KKUR: Hús byggð fyrir 1918.

Um hús í appelsínugulum flokki gildir að þau eru háð lögum um húsafriðun nr. 104/2001, 6. grein um allar breytingar á núverandi ástandi.

**Hafnarstræti 15, 1898**
**Hafnarstræti 17, 1900**
**Hafnarstræti 21, 1883.**


HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR
N
1:3000
Friðaðar byggingar
Tillögur að friðun bygginga
Verndun götumynda
Verndun 20.aldar bygginga
Byggingar byggðar fyrir 1918
Verndun svæðis
Verndun byggðamynsturs

**Byggingarár** **1937-1949** **Austurbugt 3**

**Fyrsti eigandi** Ókunnur **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Geymsla



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1995 Útlitsbreyting | Vignir Albertsson | bygg.fr. |
| **Klæðning** | Asbest | Ris | | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | | |
| **Þakklæðning** | Asbest | | | | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | | | |

## Saga

Húsið var virt fyrst árið 1949 en í þeirri virðingu er tekið fram að húsið sé ekki nýtt. Samkvæmt loftmynd af svæðinu er húsið ekki komið árið 1937. Af þessu má leiða að húsið hafi verið byggt á árunum 1937-1949. Eignin var aftur virt árið 1958 og hafði þá verið byggt við húsið. Sú viðbygging var horfin árið 2004 og ekki er vitað hvenær hún var rifin.
Húsið var lengi notað sem aðstaða fyrir Kósangas afgreiðsluna í Reykjavík og gekk því undir nafninu " *Kósangashúsið*".
Hafrannsóknarstofnun keypti síðan húsið og notaði það sem geymslu og aðstöðu fyrir hafrannsóknarskipin.
Reykjavíkurhöfn keypti húsið árið 1993 til að fá yfirráðarétt yfir húsi og lóð. Árið 1995 var samþykkt að breyta innréttingum og útliti hússins. Í dag (2004) hefur *Siglingarfélagið Brokey* aðstöðu í húsinu.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Einföld timburbygging.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist sögu Reykjavíkurhafnar.

**Umhverfisgildi:** Hefur ekki mikið gildi.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** **1958** # Austurbugt 5

**Fyrsti eigandi** Landsamband íslenskra útvegsmanna

**Hönnun** Gísli Halldórsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Geymsla



**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Stálgrind |
| **Klæðning** | Bárujárn |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar |

**Útlit**

Einlyft
Ris

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Árið 1955 var samþykkt einlyft verbúðarhús og veiðarfærageymsla út stáli á lóðinni Austurbugt 7. Árið 1957 var samþykkt stækkun á húsinu. Húsið var virt árið 1958. Þar segir að húsið sé klætt bárujárni og asfaltearað utan og einnig þakið.
Árið 1993 var samþykkt að Austurbugt 7 yrði Austurbugt 5. Árið 1991 var gerð breyting á innra fyrirkomulagi hússins samkvæmt teikningum Hákons Hertervig.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Einföld timburbygging. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tengist sögu Reykjavíkurhafnar. |
| **Umhverfisgildi:** | Hefur ekki mikið gildi. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er að mestu óbreytt. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.** |

**Byggingarár** **1969-70** 

# Faxagata 2

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Halldór H. Jónsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Vörugeymsla





**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | | | |
| **Þakgerð** | Flatt þak | | | |
| **Þakklæðning** | | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

*Faxaskáli* var byggður á árunum 1969-1970 sem vörugeymsla. Húsið, sem er byggt úr járnbentri steinsteypu, var reist í tveimur áföngum og var hvor áfangi 3500 m2 að grunnfleti og á tveimur hæðum. Samtals er gólfflötur hússins 14000 m2 brúttó. Í fyrstu virðingu var tekið fram að þak hússins væri steypt.
Húsið var hannað sem vörugeymsla fyrir brettavöru og er burðarvirki hússins miðað við það. Aðkomur að húsinu eru gegnum vöruhurðir á hliðum hússins. Hurðirnar eru fjórar á hvorri hlið og tvær á suðvesturgafli. Engin vöruhurð er á norðurausturgafli. Einnig eru hurðir á efri hæð hússins og eru þær beint ofan við hurðir á 1. hæð. Við hurðir á efri hæð eru svalir sem notaðar voru við vöruafgreiðslu.
Árið 1994 voru gerðar fyrirkomulagsbreytingar innanhúss samkvæmt teikningum Vignis Albertssonar.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist sögu Reykjavíkurhafnar og sjávarútvegs í Reykjavík.

**Umhverfisgildi:** Hefur ekki mikið gildi.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** **1961** **Geirsgata 9**

**Fyrsti eigandi** Bæjarsjóður Reykjavíkur

**Hönnun** Einar Sveinsson, Aðalsteinn Richter arkitektar

**Upphafleg notkun** Skrifstofur og sjómannastofa





**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Þrílyft | 1998 Endurbætur | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Kjallari | | |
| **Þakgerð** | Flatt þak | | | |
| **Þakklæðning** | Ál | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Húsið er nefnt *Hafnarbúðir* og var byggt sem verkamannahús og sjómannastofa. Því var ætlað það hlutverk að taka við af *Verkamannaskýlinu* svokallaða. Eldra *Verkamannaskýlið* stóð sjávarmegin við Tryggvagötu, nálægt gatnamótum við Kalkofnsveg. *Hafnarbúðir* tóku til starfa árið 1962 og þar voru meðal annars gistiherbergi ætluð aðkomusjómönnum. Samkvæmt virðingu árið 1977 hafði húsinu verið breytt í hjúkrunarheimili fyrir langlegusjúklinga. *Hafnarbúðir* voru frá 1986 undir stjórn *St. Jósefsspítala*. Eftir eldgosið í Vestmannaeyjum árið 1973 höfðu bæjarstjórn og bæjarfógeti Vestmannaeyja aðsetur í húsinu. Í veitingasal hússins höfðu íbúar Vestmannaeyja félagslega aðstöðu. Í dag (2005) er rekinn veitingastaðurinn *Tveir fiskar* í húsinu.
Árið 1998 var samþykkt að leyfa endurnýjun glugga, þeir málaðir hvítir og húsið endursteinað að utan.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist sögu verkafólks og heilbrigðisþjónustunnar í Reykjavík.

**Umhverfisgildi:** Tengist öðrum hafnarmannvirkjum við gömlu höfnina.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Gildi töluvert sökum byggingarlistar. Þó er ekki gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** 1982

# Geirsgata 11

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Ormar Þór Guðmundsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Vörugeymsla





**Upphafleg gerð**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | |
| **Klæðning** | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | |
| **Þakklæðning** | | |
| **Undirstöður** | | |

**Útlit** Tvílyft

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Samkvæmt heimildum frá Fasteignamati var húsið byggt árið 1982 úr forsteyptum einingum.
Árið 1993 var samþykkt að breyta skrifstofuhluta byggingarinnar samkvæmt teikningum Sigurðar Björgúlfssonar arkitekts.
Húsið stendur á *Grófarbakka*.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstill.

**Menningarsögulegt gildi:** Hefur ekki mikið gildi.

**Umhverfisgildi:** Hefur ekki mikið gildi.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

Byggingarár **1994** 

# Geirsgata 19

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Baldur Ó. Svavarsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Bensínstöð





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1994 skyggni | Ari M. Lúðvíksson | arkitekt |
| **Klæðning** | | | | | |
| **Þakgerð** | | | | | |
| **Þakklæðning** | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Árið 1993 var samþykkt að byggja bensínstöð á lóðinni og var um að ræða samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar og Olíufélagsins. Arkitektastofan Úti og Inni sf. gerði teikningar af húsinu. Auk bensínstöðvarinnar var gerð skábraut við húsið að Faxagötu 2, *Faxaskála,* sem var hugsuð sem aðkoma bíla að bílastæðum á þaki þess húss. Árið 1994 var sett skyggni yfir bensíndælur stöðvarinnar.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:** Hefur ekki mikið gildi.

**Umhverfisgildi:** Hefur ekki mikið gildi.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** **1898**

# Hafnarstræti 15

**Fyrsti eigandi** Landsbanki Íslands

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Geymsla





| Upphafleg gerð | | Útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Tvílyft | 1916 | Útlitsbreyting | Einar Erlendsson | arkitekt |
| **Klæðning** | Bárujárn /þakhellu | | 1941 | Útlitsbreyting | Sigmundur Halldórsson | arkitekt |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | 1957 | Múrhúðun | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 1957 | nýtt þak | | |
| **Undirstöður** | | | 1957 | Endurbætur | | |
| | | | 1979 | Atv.húsn. innr. | Páll V. Bjarnason | arkitekt |

## Saga

Samkvæmt fyrstu virðingu var húsið klætt með járni á þrjá vegu og með þakhellu á austurgafli. Árið 1916 var sett brotið þak (mansard) með kvistum á húsið. Húsið var notað árið 1918 undir skrifstofur og sölubúðir.

Samkvæmt virðingu frá 1957 hafði húsið verið endurbætt, múrhúðað að utan, nýtt þak sett á það og nýir gluggar. Árið 1941 var gerður inngangur í suðvesturhorn hússins.

Húsið var lengi kallað *Ellingsenshús* eftir verslun í vesturendanum. Í austurenda hússins var hinn skuggalegi veitingastaður *Bar Reykjavíkur* rekinn á þriðja og fjórða áratug 20. aldar. Fastagestir á *Bar Reykjavíkur* fengu bráðlega viðurnefnið barónar. Sumir telja að orðið róni sé stytting úr baróni og þar sé að leita uppruna þess í íslensku, samanber Hafnarstrætisróni.

Á stríðsárunum var rekinn skyndibitastaðurinn *Hvoll* í húsinu. Í dag er veitingastaðurinn *Hornið* starfræktur í húsinu og hefur verið síðan 1979.

Hafnarstræti 15 stendur á þeim kafla götunnar sem samkvæmt tillögum Minjasafns Reykjavíkur-Árbæjarsafns ber að varðveita, en þar endurspeglar götumyndin náttúrulega legu strandlengjunnar áður en farið var að fylla upp í höfnina. Jafnframt er lagt til að húsin á þessu svæði verði færð til eldra horfs.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Bárujárnshús með mansardþaki.

**Menningarsögulegt gildi:** Húsið hefur mikið gildi sögu sinnar vegna.

**Umhverfisgildi:** Kennileiti í umhverfinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er talsvert breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsið verði í dökkgulum flokki, verndun götumynda, samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur. Húsið nýtur verndar í appelsínugulum flokki, þ.e. allar breytingar eru háðar lögum um húsafriðun nr. 104/2001, vegna aldurs**

**Byggingarár** **1900** 

# Hafnarstræti 17

**Fyrsti eigandi** B. Muus og Co.

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Geymsla





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1902 | Íbúð í risi | |
| **Klæðning** | járn / steing. | Kjallari | 1902 | Inngönguskúr | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | 1902 | Viðbygging | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 1906 | Viðbygging | |
| **Undirstöður** | Hlaðnar úr grjóti | | 1932 | Gluggabreyting | |
| | | | 1945 | Bruni | |
| | | | 1946 | Endurbætur | |

## Saga

Aldamótaárið 1900 lauk verslunin *Nyhavn* (Hafnarstræti 18) við smíði geymsluhúss á lóð sinni við norðanvert Hafnarstræti, sem nú telst vera númer 17. Samkvæmt fyrstu virðingu var húsið járnklætt á þrjá vegu en með steingafli að vestanverðu. Thomsen kaupmaður eignaðist húsið árið 1902 og breytti hann efri hæðum hússins í íbúðir það sama ár. Einnig byggði hann inngönguskúr við norðurhlið hússins. Í virðingu frá 1906 var búið að láta byggja við norðurhliðina vörugeymsluskúr. Samkvæmt virðingu frá 1918 voru skúrbyggingar við húsið. Árið 1932 voru gluggar á jarðhæð stækkaðir í því sem næst núverandi mynd.

Þegar húsið var virt árið 1946 hafði það verið endurbætt að utan og innan og þak endurnýjað eftir bruna árið áður. Hafnarstræti 17 stendur á þeim kafla götunnar sem skv. tillögum Húsverndarnefndar Reykjavíkur ber að varðveita. Þar endurspeglar götumyndin náttúrulega legu strandlengjunnar áður en farið var að fylla upp í höfnina. Jafnframt er lagt til að húsin á þessu svæði verði færð til eldra horfs.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Einfalt timburhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Húsið hefur mikið gildi sögu sinnar vegna.

**Umhverfisgildi:** Kennileiti í umhverfinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er talsvert breytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsið verði í dökkgulum flokki, verndun götumynda, samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur. Húsið nýtur verndar í appelsínugulum flokki, þ.e. allar breytingar eru háðar lögum um húsafriðun nr. 104/2001, vegna aldurs**

**Byggingarár** **1925** **Hafnarstræti 19**

**Fyrsti eigandi** Helgi Magnússon
Kaupmaður

**Hönnun** Einar Erlendsson
arkitekt

**Upphafleg notkun**
Verslun





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Kjallari | 1991 Viðbygging | Magnús Skúlason arkitekt |
| **Klæðning** | sementsléttað | Þrílyft | | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Kaupmaðurinn M. Smith, sem átti húsið að Hafnarstræti 16, byggði geymsluhús á stakkstæðinu norðan götunnar árið 1870. Lítið eitt norðar, við sjóinn, hafði hann byggt kolageymslu árið 1860. Árið 1888 var byggt geymsluhús við austurgafl þess. Thomsen kaupmaður eignast húsin árið 1902 og voru þau þá hluti af Thomsens Magasíni en stóðu á núverandi lóð Hafnarstrætis 19.
Núverandi hús á lóðinni var reist árið 1925. Það var teiknað af Einari Erlendssyni fyrir Helga Magnússon kaupmann. Innangengt var á milli gamla hússins og þess nýja. Árið 1991 var veitt leyfi fyrir viðbyggingu við húsið frá 1925.
Árið 2001 var búið að rífa alla skúrabyggingar á baklóð Hafnarstrætis 19 og stendur aðeins eftir húsið frá 1925 með viðbyggingu frá 1991.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Eldra húsið: nýklassík, viðbygging: síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:** Húsið hefur mikið gildi sögu sinnar vegna.

**Umhverfisgildi:** Kennileiti í umhverfinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsið verði í dökkgulum flokki, verndun götumynda, samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur.**

**Byggingarár** **1977** **Hafnarstræti 20**

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Bjarni Marteinsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Verslun, skrifstofa





| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Þrílyft | 1961 | Rifið (Hafnarstr.20) | | |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Svalir | 1977 | Rifið (Hafnarstr.22) | | |
| **Þakgerð** | | Ris | 1977 | Nýbygging | Bjarni Marteinsson | arkitekt |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 1986 | Hækkun | Bjarni Marteinsson | arkitekt |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Lóðin Hafnarstræti 20 var áður tvær lóðir, númer 20 og 22 við Hafnarstræti en þær voru sameinaðar árið 1977.
Fyrst var byggt á lóðinni Hafnarstræti 22 árið 1797 en þá reisti Bjarni riddari Sívertsen þar verslunar- og íbúðarhús sem kallað var *Sívertsenshúsið*. Á árunum 1849-1872 var prestaskólinn til húsa í *Sívertsenshúsinu*. Um 1910 var stofnuð verslunin *Smjörhúsið Irma* í húsinu og var húsið eftir það lengi nefnt *Smjörhúsið*. Húsið var rifið árið 1977.
Fyrst var byggt á lóðinni Hafnarstræti 20 um aldamótin 1800 en það var pakkhús. Árið 1844 byggði Ditlev Thomsen einlyft íbúðarhús á lóðinni og árið 1875 nýja tvílyfta sölubúð í stað pakkhússins frá því um 1800 sem hann reif. Sunnan við sölubúðina voru skúrar sem sneru mæni í norður og suður, þvert á íbúðarhúsið. Íbúðarhúsið var hækkað árið 1889 og húsin tvö felld í eina heild. *Thomsenshús*, eins og það var þá kallað, varð eitt af stærstu og glæsilegustu húsum bæjarins og hélt að miklu leyti svipmóti sínu þar til það var rifið árið 1961. Eftir 1916 var rekið í húsinu veitinga-og gistihús undir nafninu *Hótel Hekla*. Reykjavíkurbær eignaðist húsið 1943 og var þar með skrifstofur þar til það var rifið.
Það hús sem stendur í dag (2004) á lóðinni Hafnarstræti 20 var byggt 1977 og hýsir biðskýli fyrir strætisvagnafarþega ásamt ýmsum fyrirtækjarekstri. Húsið var hækkað um eina hæð árið 1986.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:** Hefur ekki mikið gildi.

**Umhverfisgildi:** Hefur ekki mikið gildi.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** **1883** # Hafnarstræti 21

**Fyrsti eigandi** H. Th. A. Thomsen **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Pakkhús






| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Tvílyft | 1899 | Viðbygging | |
| **Klæðning** | Bárujárn | Kjallari | 1906 | Viðbygging-íshús | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | 1911 | Viðbygging | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 1918 | Versl.í austurenda | |
| **Undirstöður** | | | 1920 | Gluggabreyting | |
| | | | 1925 | Útlitsbreyting | |
| | | | 1928 | Viðbygging | Guðmundur H. Þorláksson |

## Saga

H. Th. A. Thomsen kaupmaður byggði pakkhús árið 1883 úr timbrinu úr sölubúðinni, sem stóð áður á lóðinni. Pakkhús þetta er vestari hluti hússins sem nú stendur að Hafnarstræti 21. Thomsen byggði við pakkhúsið árið 1899 til austurs, og var það þá komið í þá stærð sem það er nú. Eitthvað verslaði Thomsen í húsinu, en ekki var innréttuð verslun í því fyrr en árið 1918 er Höepfner kaupmaður flutti í húsið. Húsinu hefur verið breytt nokkuð, þó aðallega gluggum og dyrum á suðurhlið. Verslunargluggarnir voru stækkaðir árið 1920 og 1925 var inngangi breytt. Árið 1906 byggði Ditlev Thomsen íshús við austurgafl aðalhússins. Húsið var skráð sem íshús árið 1911 en árið 1918 var það orðið að geymsluskúr. Um 1925 hóf Bifreiðastöð Íslands starfsemi sína í skúrnum. Hún flutti starfsemina í vesturenda aðalhússins rétt fyrir 1940 og breytist þá nafn hennar í Borgarbílastöðin. Árið 1928 var skúrinn stækkaður og honum breytt. Í dag (2005) er búið að rífa skúrinn. Öll grind Hafnarstrætis 21 er upprunaleg sem og flestir innviðir, en útlit hússins hefur breyst frá upprunalegri mynd, því það var því sem næst gluggalaust. Nú hafa verið settir stórir gluggar á jarðhæðina og minni á efri hæðina. Undir bílastæði á bak við húsið er að finna steinsteyptan kjallara húss sem áður stóð þar.

Húsið er hluti af heild eldri verslunarhúsa við austanvert Hafnarstræti, sem það myndar ásamt húsunum Hafnarstræti 16 og 18 sunnan götu og Hafnarstræti 15 og 17 norðan hennar. Staðsetning þessara húsa réðst af gömlu strandlínunni.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Dansk-íslenskur stíll.

**Menningarsögulegt gildi:** Húsið hefur mikið gildi sögu sinnar vegna.

**Umhverfisgildi:** Kennileiti í umhverfinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er talsvert breytt frá upphaflegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsið verði í dökkgulum flokki, verndun götumynda, samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur. Húsið nýtur verndar í appelsínugulum flokki, þ.e. allar breytingar eru háðar lögum um húsafriðun nr. 104/2001, vegna aldurs**

**Byggingarár** **1980-87** 

# Kalkofnsvegur 1

**Fyrsti eigandi** Seðlabanki Íslands

**Hönnun** Guðmundur Kr. Guðmundss.
Ólafur Sigurðsson

**Upphafleg notkun** Seðlabanki Íslands




**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Ál /gabbró |
| **Þakgerð** | |
| **Þakklæðning** | |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Kjallari

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Húsið stendur þar sem *Batteríið* var í upphafi 20. aldar og tekur grunnmynd þess að nokkru leyti mið af því. Húsið stendur á háum kjallara þar sem er bílageymsla. Þar ofan á eru lágreist hús sem umlykja hærri skrifstofubyggngu á þrjá vegu. Þar er aðalinngangur bankans og ýmsir fundar- og móttökusalir. Skrifstofubyggingin er klædd dökkum álplötum og gleri en lægri húsin eru klædd íslensku gabbrói.
Forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, lagði hornstein að húsi *Seðlabankans* 6. maí 1986 og flutti hann starfsemi sína í bygginguna árið 1987. Heildargólfflötur hússins er 13 þúsund fermetrar á sjö hæðum með jarðhæð, kjallara og lágbyggingu. Byggingin hefur hýst fleiri stofnanir en *Seðlabankann*. *Reiknistofa bankanna* hefur haft þar aðstöðu og ennfremur hafði *Þjóðhagstofnun* þar aðstöðu.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Nútíma byggingarlist. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tengist sögu bankaviðskipta. |
| **Umhverfisgildi:** | Kennileiti í umhverfinu. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er að mestu óbreytt. |
| **Varðveislugildi:** | **Húsið er í flokki um verndun 20. aldar bygginga (grænn litur á húsverndarkorti). Í þeim flokki eru hús með listrænt gildi og þarf að sýna sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.** |

**Byggingarár** **1945** # Tryggvagata 11

**Fyrsti eigandi** Friðrik Bertelsen og Co.

**Hönnun** Hörður Bjarnason arkitekt

**Upphafleg notkun** Verslun og vörugeymsla





**Upphafleg gerð**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
| **Tegund** | Steinsteypt | Fimmlyft | 1999 Endurbætur | |
| **Klæðning** | Kvarts | | | |
| **Þakgerð** | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Á lóðinni voru áður vörugeymslur Friðriks Kr. Magnússonar en þær viku fyrir núverandi húsi sem byggt var 1945. Samkvæmt fyrstu virðingu er á gólfhæð meðfram Geirsgötu og vesturenda hússins, er myndar hálfhring, sölubúð. Á efri hæðum eru eingöngu skrifstofur.
Veitt var leyfi fyrir að breyta gluggum ásamt viðgerð og endurnýjun á útveggjum, hurðum og þaki hússins árið 1999.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Síðfúnkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:** Hefur ekki mikið gildi.

**Umhverfisgildi:** Kennileiti í umhverfinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** **1931** **Tryggvagata 15**

**Fyrsti eigandi** Samband íslenskra samvinnufélaga

**Hönnun** Guðjón Samúelsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Vörugeymsluhús



| **Upphafleg gerð** | | **Útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Þrílyft | 1943 | Hækkun | Hörður Bjarnason | arkitekt |
| **Klæðning** | Múrsléttað | | 1953 | Viðbygging | Sigvaldi Thordarson | arkitekt |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | | 1963 | Hækkun | | |
| **Þakklæðning** | Steypt | | 1995 | Ný klæðning | Teiknistofan Óðinstorgi sf. | arkitekt |
| **Undirstöður** | | | 1995 | Gluggabreyting | Teiknistofan Óðinstorgi sf. | arkitekt |

## Saga

Núverandi hús að Tryggvagötu 15 var byggt í tveimur áföngum. Guðjón Samúelsson teiknaði nyrðri hluta byggingarinnar, þá Geirsgötu 2, árið 1930, fyrir SÍS. Voru í húsinu vörugeymslur og afgreiðsla SÍS. Árið 1941 teiknaði Hörður Bjarnason arkitekt eina hæð ofan á húsið. Húsið var óbreytt þegar það var virt árið 1941 en sagt vera fimmlyft árið 1943. Sigvaldi Thordarson teiknaði árið 1949 viðbyggingu við húsið sem náði til suðurs að Tryggvagötu. Húsið var virt 1953 og þá er viðbyggingin risin. Hún er með flötu þaki og úr steinsteypu. Reistar voru tvær hæðir og stóð húsið þannig til ársins 1963 er það var fullbyggt, auk þess sem ný hæð var byggð ofaná gamla húsið frá 1930. Húsin voru sameinuð undir einu þaki og talin númer 15 við Tryggvagötu. Þegar húsið var virt árið 1963 er það sex hæðir úr steinsteypu og múrhúðað að utan. Þakklæðning er bárujárn.
Er skúrar *Skipaafgreiðslu ríkisins*, sem stóðu fyrir vestan húsið voru rifnir, var hún flutt í þetta hús. Árið 1989 keypti Reykjavíkurborg húsið. Það var notað sem geymslur, en *Myndlistarskólinn í Reykjavík* fékk aðstöðu á efstu hæðinni. Upp komu tillögur um að gera húsið að bílastæðahúsi og almennu skrifstofuhúsi, en árið 1997 var samþykkt í borgarráði tillaga um að flytja í húsið þrjú af söfnum borgarinnar, *Ljósmyndasafnið, Borgarbókasafnið* og *Borgarskjalasafnið*. Árið 1995 var húsið allt klætt með lituðum stálplötum, auk þess sem gluggum var mikið breytt.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Upphaflega fúnkísstíll. Núverandi útlit í öðrum anda.

**Menningarsögulegt gildi:** Eldri bygging aðlöguð starfsemi þriggja menningastofnana. Gildi fyrir miðbæinn.

**Umhverfisgildi:** Hluti af umhverfi Reykjavíkurhafnar. Áberandi í miðborg og hafnarsvæði.

**Upprunaleg gerð:** Einungis burðarvirki eftir af upphaflegu húsi, sem var byggt í mörgum áföngum.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** **1933-39** **Tryggvagata 17**

**Fyrsti eigandi** Hafnarsjóður

**Hönnun** Sig. Guðmundsson
Þórarinn Kristjánsson

**Upphafleg notkun**
Vörugeymslur og skrifstofuhús





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Flatt þak |
| **Þakklæðning** | Steypt |
| **Undirstöður** | |

**Útlit**

Þrílyft
Svalir
Kvistir

| Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|
| 1937 | Viðbygging | | |
| 1937 | Viðbygging | | |
| 1946 | Skúr (á lóð) | | |
| 1963 | Hækkun | Sigurður Guðmundsson | arkitekt |
| 1998 | Endurbætur | Studio Granda | arkitekt |

## Saga

Á lóðinni var áður geymsluhús Hafnarsjóðs en það var rifið til að rýma fyrir þessu húsi. Þórarinn Kristjánsson hafnarstjóri undirritaði teikningarnar af húsinu árið 1932 og er hann að öllum líkindum höfundur þess ásamt Sigurði Guðmundssyni arkitekt. Húsið var byggt í áföngum á árunum 1933-39. Húsið var ein stærsta bygging landsins á sínum tíma. Hafnarhúsið er byggt úr steinsteypu og reist umhverfis miðlægt port. Bygging hússins hófst 1933 og var húsið fyrst virt 1934. Þá var það tvær álmur með opnu porti á milli. Húsið var þrílyft með lítilli þakbyggingu og múrhraunað að utan. Í febrúar 1937 hafði húsið verið stækkað um einlyfta álmu meðfram Tryggvagötu alla leið að Naustum. Álman er úr steinsteypu og til helminga slétt þak og skáþak. Í nóvember 1937 var ný álma virt meðfram Geirsgötu allt austur að Naustum. Hún er eins að stærð og gerð og álman frá því í febrúar 1937. Húsið var loks fullgert árið 1939 að frágangi og stærð og þá virt sem ein heild. Húsið er þrílyft með tveimur þakbyggingum eða kvistum. Árið 1946 var virt nýtt geymsluhús úr timbri á þaki hússins. Úr byggingunni er gangur niður í austurálmu aðalhússins. Á henni er tvö útskot. Húsið er hækkað 1957 en ekki virt fyrr en 1963. Fjórða hæðin er ný hæð yfir allt húsið og 5. hæð að hluta ný. Hækkunin er úr steinsteypu og timbri.
Lokuð samkeppni var haldin árið 1998 um breytingar á jarðhæð og annarri hæð hússins fyrir *Listasafn Reykjavíkur*. Studio Granda vann samkeppnina og var safnið opnað í apríl árið 2000.

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Fúnkísstíll að upphaflegri gerð - Samtímaarkitektúr. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tímamót í atvinnusögu Reykjavíkur. Listasafn. |
| **Umhverfisgildi:** | Hluti af umhverfi Reykjavíkurhafnar. Kennileiti í miðborginni. |
| **Upprunaleg gerð:** | Helstu útlitseinkenni hafa haldist þó svo að húsið hafi verið hækkað og byggt við það. |
| **Varðveislugildi:** | **Húsið er í flokki um verndun 20. aldar bygginga (grænn litur á húsverndarkorti). Í þeim flokki eru hús með listrænt gildi og þarf að sýna sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.** |

**Byggingarár** **1967-70** **Tryggvagata 19**

**Fyrsti eigandi** Íslenska ríkið

**Hönnun** Gísli Halldórsson, Jósef Reynis, Ól. Júlíusson

**Upphafleg notkun** Skrifstofur, vörugeymsla






**Upphafleg gerð**

| | | **Útlit** |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Fimmlyft |
| **Klæðning** | Múrsléttað | Kjallari |
| **Þakgerð** | Flatt þak | |
| **Þakklæðning** | Steypt og pappi | |
| **Undirstöður** | | |

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Á þessari lóð stóðu áður tvær vörugeymslur, aðra átti Ziemsen konsúll en hina átti *Eimskipafélag Íslands.* Þessi hús voru rifin árið 1966 og hófst þá bygging *Tollhússins*. Ákveðið var að reisa byggingu sem hýsti hafnarskemmu á jarðhæð en skrifstofur á efri hæðum. Ástæðan fyrir því að neðri hluti hússins er steyptur er vegna þess að leggja átti fjögurra akreina hraðbraut yfir húsið. Hraðbrautin átti að vera 6,5 m há til að hindra ekki starfsemi í húsinu og átti hún að liggja ofan á neðri hluta hússins og niður eftir brú, *"Geirsbrú"*, á göflum þess. Hætt var við þessa hugmynd árið 1986. Útveggir efri hlutans voru keyptir tilbúnir erlendis frá. Þeir eru með gluggum og grænum glasalplötum. Á suðurhlið hússins er listaverk eftir Gerði Helgadóttur og sýnir lífið við höfnina og það útsýni sem hvarf með tilkomu hússins.
Í dag er markaðurinn *Kolaportið* í skemmunni á jarðhæð hússins en ýmsar skrifstofur á hinum hæðum hússins. Meðal annars skrifstofa *Tollstjóra og Skattstjórans í Reykjavík.*

## Varðveislumat:

| | |
|---|---|
| **Listrænt gildi:** | Síðfúnkísstíll. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tengist sögu tollvörslu í Reykjavík. |
| **Umhverfisgildi:** | Kennileiti í umhverfinu. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er að mestu óbreytt. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.** |

# Heimildaskrá

## Óprentaðar heimildir:


Minjasafn Reykjavíkur-Árbæjarsafn (MsR-Ábs.):

Byggðar lóðir í Reykjavík.
Húsaskrá Reykjavíkur.
Kortasafn.

Borgarskjalasafn (BsR):

Aðf. 723-724. Brunatrygging húsa 1874–1895.
Aðf. 734-748. Brunabótavirðingar.
Aðf. 751-757. Brunatrygging húsa 1896–1943.
Aðf. 3374. Götunöfn og húsanúmer 1914–1960.
Skjöl byggingarfulltrúa. (B) fyrir Austurbakka, Austurbugt, Faxagötu, Geirsgötu, Grófarbryggju, Hafnarstræti og Tryggvagötu.

Byggingarfulltrúi Reykjavíkur (Byggf. í Rvk.):

Innlagðar teikningar.

Þjóðskjalasafn:
Þ.Í. 185. Skjalasafn stiftamtmanns 1684-1873. III, 231 Skjöl um tukthúsið á Arnarhóli 1786-1787, 30 maí, 1787. *Úttekt um tukthúsið og Arnarhól er Guðmundur Vigfússon lætur af ráðsmennsku og Gunnar Sigurðsson tekur við.*

Þ.Í. 461. Skjalasafn stiftamtmanns 1684-1873. III, 231. Skjöl um tukthúsið á Arnarhóli 1786-1787, 25 júní, 1787. Úttekt um tukthúsið og býlið Arnarhól, er Gunnar Sigurðsson lætur af ráðsmennsku tukthússins og Hednrik Scheel tekur við.

Þorkell Grímsson, 1958. Bráðabirgðarskýsla um uppgröft á Arnarhólströðum á vegum Minja- og byggðasafns Reykjavíkurbæjar, frá 2-13. sept. 1958. Þjms. Óbirt.


## Prentaðar heimildir:


*Aðalskipulag Reykjavíkur 1962–83*. Reykjavík 1966.

*Aðalskipulag Reykjavíkur 1984–2004*. Unnið af Borgarskipulagi Reykjavíkur. Reykjavík 1988.

Ágúst Jósepsson: *Minningar og svipmyndir úr Reykjavík*. Reykjavík, 1959.

Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* III. bindi. *Gullbringu- og Kjósarsýsla*. 2. útg. [ljósprentun], Hið íslenzka fræðafélag, Kaupmannahöfn, 1982.

Árni Óla: *Reykjavík fyrri tíma*, fyrsta bindi, Reykjavík 1984.

Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur,* Skýrslur Árbæjarsafns XLVI, Reykjavík 1995.

Bjarni F. Einarsson: *Arnarhóll, Prufuskurðir í apríl,* Skýrslur Árbæjarsafns 36, Reykjavík 1994.

Bjarni F. Einarsson: *Arnarhóll, Greinagerð um jarðsjárkönnun og fornleifar á Arnarhóli í Reykjavík,* Skýrslur Árbæjarsafns XXV, Reykjavík 1993.

*Byggingarreglugerðir og lög* 1839, 1844, 1894, 1903, 1904, 1915, 1924, 1964.

Einar S. Arnalds: *Reykjavík, Sögustaður við Sund,* 4. bindi – Lykilbók. Reykjavík 1989.

*Fjölnir,* Kaupmannahöfn 1835.

*Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Snorrabrautar/ Hringbrauta*r. Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016*. Ritstjóri: Nikulás Úlfar Másson. Reykjavík 1998.

Hendrik Ottósson: *Frá Hlíðarhúsum til Bjarmalands,* Akureyri 1948.

Hjörleifur Stefánsson, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Guðmundur Ingólfsson: *Kvosin. Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur,* Reykjavík 1987.

Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870–1940.* Fyrra og síðara bindi. Reykjavík 1991 og 1994.

Gerður Róbertsdóttir og Ragnheiður Mósesdóttir: „Hafnlaus höfuðstaður“, *Sagnir. Tímarit um söguleg efni*. 5 (1984), 44-54.

Georg Ólafsson: *Þættir úr sögu Reykjavíkur*. Reykjavík 1936.

„Gömlu traðirnar í Arnarhólstúni grafnar upp innan skamms“. *Alþýðublaðið* 20. ágúst 1958.

Jón Helgason: *Þegar Reykjavík var fjórtán vetra*. Reykjavík 1916.

Jón Helgason: *Reykjavík 1786-1936*. Reykjavík 1937.

Jón Helgason: *Árbækur Reykjavíkur 1786-1936*. Reykjavík 1942.

Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur, I.-II. bindi.* Reykjavík, 1929.

Lúðvík Kristjánsson: *Úr bæ í borg*: *nokkrar endurminningar Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. Reykjavík 1952.

Lýður Björnsson: *Safn til sögu Reykjavíkur*. Reykjavík 1971.

Ragnheiður Traustadóttir: *Fornleifaskráning á Miðnesheiði*. Þjóðminjasafn Íslands 2000.

Ragnar Edvardsson*: Arnarhóll, fornleifarannsókn 1993*. Skýrslur Árbæjarsafns XXXIX, Reykjavík 1994.

Páll Líndal: *Bæirnir byggjast*. *Yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938*. Reykjavík 1982.

Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund 1. bindi, A-G*. Reykjavík 1986.

Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund 2. bindi, H-P*. Reykjavík 1987.

Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*. *3. bindi, R-Ö*. Reykjavík 1988.

Örnefnaskrá Reykjavíkur og Seltjarnarness, Ari Gíslason, Örnefnastofnun.

## Kort

Kort, Reykjavík 1876. Uppdráttur Reykjavíkur eftir Svein Sveinsson. *Reykjavíkurkort. Dagatal 1986*. Kort af Reykjavík frá 1715-1981. Unnið af Nönnu Hermansson, Salvöru Jónsdóttur og Mjöll Snæsdóttur. Árbæjarsafn, Reykjavík, 1986

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.

Kort, Reykjavík 1902, Landmælingadeild herforingjaráðsins í Kaupmannahöfn, Mælikvarði 1:5.000, Árbæjarsafn.

Kort, Reykjavík 1947 eftir Ágúst Böðvarsson, Árbæjarsafn.

R. Lievog, Kaupstaðarlóðin 1787. *Reykjavíkurkort. Dagatal 1986*. Kort af Reykjavík frá 1715-1981. Unnið af Nönnu Hermansson, Salvöru Jónsdóttur og Mjöll Snæsdóttur. Árbæjarsafn, Reykjavík, 1986

## Símaviðtal

Jón Þorvaldsson forstöðumaður tæknideildar Reykjavíkurhafnar, símaviðtal 29.09.04.

## Vefsíður

Þjóðminjalög 107/2001 http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001107.html
Borgarvefsjáin, http://borgarvefsjá.is/website/bvs/
www.sedlabanki.is

# Myndaskrá

Þær myndir sem ekki er getið um tók Helga Maureen Gylfadóttir á vettvangi í ágúst og október 2004.

Forsíða. Séð yfir höfnina frá Arnarhóli árið 1931. Ljósmyndari Magnús Ólafsson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*, MAÓ 1706.

Mynd 1. Skipulagssvæðið er afmarkað með rauðum rúðum, græn lína sýnir gömlu ströndina áður en uppfyllingar hófust. Grunnur myndarinnar er fenginn úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR).

Mynd 2. Reykjavík og nágrannajarðir árið 1703. Einar S. Arnalds, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 4. bindi, 6.

Mynd 3. Kaupstaðarlóðin 1787. R. Lievog, Kaupstaðalóðin 1787. *Reykjavíkurkort. Dagatal 1986.*

Mynd 4. Byggingar kaupmanna voru við ströndina, íbúðarhús og pakkhús. Kort, Reykjavík 1876. Uppdráttur Reykjavíkur eftir Svein Sveinsson.

Mynd 5. Horfin ásýnd Hafnarstrætis. Myndin tekin um miðja 19. öld. Ljósm. óþekktur. Hér tekið eftir: Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 2. bindi, 7.

Mynd 6. Hafnarstræti og *Arnarhóll* árið 1905. Ljósmyndari Á.Th. Hér tekið eftir: Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 2. bindi, 7.

Mynd 7. *Bæjarbryggjan* eða *Steinbryggjan* árið 1907. Hér tekið eftir: Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur*, fyrra bindi, 315.

Mynd 8. Kort frá 1902 sem sýnir hafnarsvæðið og *Arnarhólinn.* Reykjavík 1902, Landmælingadeild herforingjaráðsins í Kaupmannahöfn, Árbæjarsafn.

Mynd 9. Kort frá 1947. Reykjavík 1947 eftir Ágúst Böðvarsson, Árbæjarsafn.

Mynd 10. Tryggvagata um 1920. Ljósmyndari Magnús Ólafsson. Hér tekið eftir: Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 3. bindi, 127.

Mynd 11. Kolakraninn gekk einnig undir nafninu *Hegrinn*. Hér tekið eftir: Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur*, fyrra bindi, 328.

Mynd 12. Unnið að fornleifarrannsókn árið 1955. Mynd LS-44-32, Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

Mynd 13. Yfirlit yfir mælilínur jarðsjármælinga. Bjarni F. Einarsson, *Arnarhóll, greinargerð um jarðsjárkönnun og fornleifar á Arnarhóli í Reykjavík.* Reykjavík 1993.

Mynd 14. Unnið við fornleifarannsóknir 1993, (Ar93F3-21). Myndasafn Minjasafns Reykjavíkur – Árbæjarsafns.

Mynd 15. Á kortið eru merktar inn fornleifar, rauðir punktar eru þeir staðir sem tilheyra skipulagssvæðinu. Græn lína sýnir gömlu fjörumörkin, þar norður af er uppfylling. Grunnur myndarinnar er fenginn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR).

Mynd 16. Á kortið eru merktar inn fornleifar, rauðir punktar eru þeir staðir sem tilheyra skipulagssvæðinu. Græn lína sýnir gömlu fjörumörkin, þar norður af er uppfylling. Grunnur myndarinnar er fenginn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR).

Mynd 17. Á kortið eru merktar inn fornleifar, rauðir punktar eru þeir staðir sem tilheyra skipulagssvæðinu. Græn lína sýnir gömlu fjörumörkin, þar norður af er uppfylling. Grunnur myndarinnar er fenginn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR).

Mynd 18. Verndarsvæði á Arnarhóli. Grunnur myndarinnar er fenginn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR).

Mynd 19. Blástrikaða svæðið hefur að geyma minjar frá 18. - 19. öld. Grunnur myndarinnar er fenginn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR).

Mynd 20. Séð yfir *Arnarhól* og miðbæinn um 1931. Ljósmyndari Magnús Ólafsson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*, MAÓ 1602.

Mynd 21. Útsýni yfir Reykjavíkurhöfn og Hafnarstræti sumarið 1936. Hér tekið eftir: Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur*, fyrra bindi, 330.

Mynd 22. Hafnarstræti árið 1946. Ljósmyndari óþekktur. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, abs 10.357

Mynd 23. Fyrir miðri mynd má sjá *Verkamannaskýlið* árið 1961. Ljósmyndari S.S. Hér tekið eftir: Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 3. bindi, 141.

Mynd 24. *Batteríið.* Júlíus Havsteen amtmaður bendir á staðinn. Hér tekið eftir: Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 1. bindi, 82.

Mynd 25. Hús Siemsens kaupmanns við Lækinn og *Kalkofninn* í baksýn. Hér tekið eftir: Hjörleifur Stefánsson, *Kvosin*, 138

Mynd 26. *Varðarhúsið* við Kalkofnsveg. Hér tekið eftir: Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*, síðari hluti, 273.